

I EES-STOFNANIR**1. EES-ráðið****2. Sameiginlega EES-nefndin**

98/EES/18/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/97 frá 12. nóvember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	1
	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/69/EB frá 8. október 1996 um breytingu á tilskipun 70/220/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá hreyflum ökutækja	2
98/EES/18/02	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/97 frá 12. nóvember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	6
	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/64/EB frá 2. október 1996 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 77/389/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi dráttarbúnað vélknúinna ökutækja	7
98/EES/18/03	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/97 frá 12. nóvember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	13
	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/36/EB frá 17. júní 1996 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 77/541/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi öryggisbelti og aðhaldsbúnað í vélknúnum ökutækjum	14
98/EES/18/04	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/97 frá 12. nóvember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	30
	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/63/EB frá 30. september 1996 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/432/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hemlabúnað landbúnaðardráttarvéla á hjólum	31
98/EES/18/05	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/97 frá 12. nóvember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	34
	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1140/96 frá 25. júní 1996 um breytingu á III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu	36

	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1147/96 frá 25. júní 1996 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu	39
	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1311/96 frá 8. júlí 1996 um breytingu á I., II., III. og IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu	43
	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1312/96 frá 8. júlí 1996 um breytingu á III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu	47
	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1433/96 frá 23. júlí 1996 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu	50
	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1742/96 frá 6. september 1996 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu	53
98/EES/18/06	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/97 frá 12. nóvember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	57
	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/68/EB frá 21. október 1996 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna	58
98/EES/18/07	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/97 frá 12. nóvember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	71
	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/71/EB frá 10. janúar 1996 um sameiginlega tæknilega reglugerð um aðgang að pakkaskiptum almennum gagnanetum (PSPDN) með X.25-skilflötum samkvæmt CCITT-tilmælum	72
98/EES/18/08	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/97 frá 12. nóvember 1997 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn	76
98/EES/18/09	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/97 frá 12. nóvember 1997 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn	77
	VI. viðauki - Félagslegt öryggi	78
	Fullgiltur texti birtur í samræmi við 2. og 4. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/97	114
3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
4.	Ráðgjafarnefnd EES	

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

98/EES/18/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1169 - EDFI/Graninge)	159
98/EES/18/11	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1140 - Halliburton/Dresser)	160
98/EES/18/12	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1158 - Elf Atochem/Atohaas)	160
98/EES/18/13	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1161 - Alcoa/Alumax)	161
98/EES/18/14	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1170 - Dan Transport/Inter Forward)	162
98/EES/18/15	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1175 - Magna/Steyr)	162
98/EES/18/16	Ný tilkynning um áður tilkynnta samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1146 - SHV Energy/Thyssen Klöckner Recycling)	163
98/EES/18/17	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1089 - Paribas Belgique/Paribas Nederland)	164
98/EES/18/18	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 83/97 - Þýskaland	164

3. Dómstóllinn

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/18/01

nr. 74/97
frá 12. nóvember 1997

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/97 frá 4. október 1997⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/69/EB frá 8. október 1996 um breytingu á tilskipun 70/220/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá hreyflum ökutækja⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. lið (tilskipun ráðsins 70/220/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„- 396 L 0069: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/69/EB frá 8. október 1996 (Stjtíð. EB nr. L 282, 1. 11. 1996, bls. 64).”

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/69/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 14. febrúar 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 12. nóvember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

E. Bull

⁽¹⁾ Stjtíð. EB nr. L 30, 5. 2. 1998, bls. 34 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 5, 5. 2. 1998, bls. 113.

⁽²⁾ Stjtíð. EB nr. L 282, 1. 11. 1996, bls. 64.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 96/69/EB

frá 8. október 1996

um breytingu á tilskipun 70/220/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá hreyflum ökutækja(*)

EVROÞUPINGID OG RAÐ EVROÞUSAMBANDSINS HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100 gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar (2),

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 189. gr. b í stofnsáttmála Evrópubandalagsins (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samþykki ber ráðstafanir sem miða að því að ná fram markmiðum innri markaðarinnar. Innri markaðurinn er svæði án innri landamæra þar sem tryggðir eru frjálsir vöruflutningar, frjálsir fólksflutningar, frjáls þjónustuviðskipti og frjálsir fjármagnsflutningar.
- 2) Í fyrstu aðgerðaáætlun Evrópubandalagsins á sviði umhverfisverndar (4), sem ráðið samþykkti 22. nóvember 1973, var hvatt til þess að tillit yrði tekið til nýjustu framfara á sviði vísinda í baráttunni gegn loftmengun sem stafar af útblásturslofti vélknúinna ökutækja og að þeim tilskipunum sem áður höfðu verið samþykktar yrði breytt til samræmis. Í fimmtu aðgerðaáætluninni, en ráðið samþykkti helstu efnisatriði hennar í ályktun sinni frá 1. febrúar 1993 (5), er kveðið á um frekari aðgerðir til að draga verulega úr útblæstri mengunarefna frá vélknúnum ökutækjum.
- 3) Aðildarríki geta ekki hvert fyrir sig náð þeim markmiðum að draga úr mengandi útblæstri frá vélknúnum ökutækjum og starfrækja innri markað fyrir ökutæki og verður því frekar unnt að ná þessum markmiðum innan bandalagsins með

því að samræma lög aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir sem ber að gera gegn loftmengun frá vélknúnum ökutækjum.

- 4) Viðurkennt er að þróun samgangna í bandalaginu hefur haft í för með sér mikið álag á umhverfið og að hætta er á að það spillist í auknum mæli. Það hefur sýnt sig að opinbert mat á auknu umferðarálagi, sem hefur verið unnið fram að þessu, er lægra en raunveruleg tilhneiging í bandalaginu er. Þess vegna ber að mæla fyrir um mjög stranga útblástursstaðla fyrir öll vélknúin ökutæki.
- 5) Framkvæmdastjórnin samþykkti 1993 Evrópuáætlun um útblástur, eldsneyti og véltækni (EPEFE). Sú áætlun átti að tryggja að með tillögum að tilskipuninum um mengandi útblástur yrði leitast við að finna þær lausnir sem væru hentugastar fyrir umhverfið, neytandann og hagkerfið. Í áætluninni er fjallað um mengun sem bæði kann að stafa frá vélknúnum ökutækjum og frá eldsneyti ökutækja.
- 6) Tilskipun ráðsins 70/220/EBE (6), sem fjallar um ráðstafanir gegn loftmengun í útblæstri ökutækja, er ein sértilskipananna sem fjalla um EBE-gerðarviðurkenningaráferðina sem var tekin upp með tilskipun 70/156/EBE (7).
- 7) Í tilskipun 70/220/EBE er mælt fyrir um markgildi fyrir kolmónoxíð og óbrennt vetniskolefni í útblæstri frá hreyflum þessara ökutækja. Þessi markgildi voru lækkuð í fyrsta skipti með tilskipun ráðsins 74/290/EBE (8) og bætt var við ákvæðum, í samræmi við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 77/102/EBE (9), um markgildi fyrir leyfilegt köfnunarefnisoxíð í útblæstri. Markgildi fyrir þessar þrjár tegundir efna voru síðan lækkuð með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 78/665/EBE (10) og tilskipunum ráðsins 83/351/EBE (11) og 88/76/EBE (12). Markgildi fyrir mengandi agnir í útblæstri dísilhreyfla voru sett með tilskipun 88/436/EBE (13) og strangari Evrópustaðlar voru

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 282, 1. 11. 1996, bls. 64, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/97 frá 12. nóvember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. C 390, 31. 12. 1994, bls. 26 og Stjttíð. EB nr. C 19, 23. 1. 1996, bls. 13.

(2) Stjttíð. EB nr. C 201, 26. 7. 1993, bls. 9.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 20. september 1995 (Stjttíð. EB nr. C 269, 16. 10. 1995, bls. 82), sameiginleg afstaða ráðsins frá 22. desember 1995 (Stjttíð. EB nr. C 37, 9. 2. 1996, bls. 23) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 9. maí 1996 (Stjttíð. EB nr. C 152, 27. 5. 1996, bls. 44).

(4) Stjttíð. EB nr. C 112, 20. 12. 1973, bls. 1.

(5) Stjttíð. EB nr. C 138, 17. 5. 1993, bls. 1.

(6) Stjttíð. EB nr. L 76, 6. 4. 1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 94/12/EB (Stjttíð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 42).

(7) Stjttíð. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/54/EB (Stjttíð. EB nr. L 266, 8. 11. 1995, bls. 1).

(8) Stjttíð. EB nr. L 159, 15. 6. 1974, bls. 61.

(9) Stjttíð. EB nr. L 32, 3. 2. 1977, bls. 32.

(10) Stjttíð. EB nr. L 223, 14. 8. 1978, bls. 48.

(11) Stjttíð. EB nr. L 197, 20. 7. 1983, bls. 1.

(12) Stjttíð. EB nr. L 36, 9. 2. 1988, bls. 1.

(13) Stjttíð. EB nr. L 214, 6. 8. 1988, bls. 1.

settur fyrir mengunarefni í útblæstri vélknúinna ökutækja með slagrymi innan við 1 400 cm³ með tilskipun 89/458/EBE ⁽¹⁾. Staðlarnir hafa verið rýmkaðir þannig að þeir nái yfir allar fólksbifreiðar, án tillits til slagrymis þeirra, á grundvelli endurbættrar evrópskrar prófunaraðferðar sem tekur til aksturs utan þéttbýlis. Með tilskipun 91/441/EBE ⁽²⁾ var mælt fyrir um kröfur varðandi uppgufunarefni í útblæstri og endingu íhluta ökutækja sem takmarka útblástur og strangari staðla um mengandi agnir í útblæstri fyrir vélknúin ökutæki með dísilhreyflum. Samkvæmt tilskipun 93/59/EBE ⁽³⁾ gilda jafnstrangir staðlar fyrir fólksbifreiðar sem eru hannaðar til að flytja fleiri en sex menn að ökumanni meðtöldum eða eru með hámarks massa yfir 2 500 kg, léttar vöruflutningabifreiðar og torfærutæki, sem falla undir gildissvið tilskipunar 70/220/EBE, og gilda um fólksbifreiðar, en þó með tilliti til sérkenna slíkra ökutækja. Staðlar fyrir fólksbifreiðar hafa verið hertir með tilskipun 94/12/EB þar sem einnig er mælt fyrir um nýja aðferð til þess að ganga úr skugga um samræmi í framleiðslu. Nauðsynlegt er að samræma staðlana fyrir léttar vöruflutningabifreiðar og staðlana fyrir fólksbifreiðar þannig að þeir fyrrnefndu séu að minnsta kosti jafnstrangir þeim sem gilda um fólksbifreiðar.

- 8) Starf framkvæmdastjórnarinnar á þessu sviði hefur leitt í ljós að fullkomnustu tækni, sem iðnaður bandalagsins á vól á, má bæta enn frekar til að léttar vöruflutningabifreiðar geti samrýmst útblástursmörkum sem hafa verið lækkuð verulega. Það sama á við um nýja tækni af öðrum toga sem er að ryðja sér til rúms. Fyrirhugaðir staðlar munu gilda bæði um viðurkenningu á nýjum gerðum ökutækja og eftirlit með samræmi í framleiðslu, þar eð breytt aðferð við sýnatöku og tölfraðilegt mat gerir kleift að fella úr gildi vikmörk markgilda sem voru leyfð þegar þessi gildi voru áður lækkuð samkvæmt tilskipun 70/220/EBE.
- 9) Framkvæmdastjórnin hefur kannað hagkvæmni þess að sameina II. og III. ökutækjaflokk, raunveruleg skilyrði, sem léttum vöruflutningabifreiðum er ekið við í umferð í þéttbýli og utan þess, og sérkenni þessara ökutækja.
- 10) Aðildarríkjunum skal gert kleift, með skattaávilnunum, að flýta markaðssetningu ökutækja sem uppfylla þær kröfur sem eru samþykktar á vettvangi bandalagsins. Slíkar ívilnanir verða að samrýmast ákvæðum sáttmálans og uppfylla sérstök skilyrði sem eru sett til að koma í veg fyrir röskun á innri markaðnum. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkja til að taka tillit til útblásturs mengunarefna og annarra efna í útreikningi á álögdum gjöldum vegna umferðar vélknúinna ökutækja á vegum.
- 11) Krafa um tilkynningu í tæka tíð, sem er sett fram í þessari tilskipun, er með fyrirvara um kröfur um tilkynningar á grundvelli annarra ákvæða í lögum bandalagsins, einkum 3. mgr. 93. gr. sáttmálans.
- 12) Evrópuþingið og ráðið skulu, eigi síðar en 31. desember 1997, samþykka kröfur, sem gilda fyrir tímabilið sem hefst árið 2000, sem framkvæmdastjórnin skal gera tillögu um eigi síðar en 30. júní 1996 og skal tillagan miðuð við að dregið verði verulega úr útblæstri frá léttum vöruflutningabifreiðum.
- 13) Ráðstafanir til að draga úr loftmengandi útblæstri frá árinu 2000 skulu vera hluti af samþættri og fjölþættri aðferð sem nær yfir allar ráðstafanir til þess að draga úr mengun af völdum umferðar á vegum. Allar færirbreyturnar, sem er lýst í 4. gr. tilskipunar 94/12/EB, hafa þýðingu í þessu sambandi. Með kröfunum sem gilda frá árinu 2000 er stefnt að því að um léttar vöruflutningabifreiðar gildi jafnstrangir staðlar og um fólksbifreiðar með tæknibúnað til þess að draga úr útblæstri, sem eru sambærilegir í tæknilegu tilliti, að teknu tilliti til sérkenna léttar vöruflutningabifreiða og taka ber tillit til viðeigandi skilmála um endingu, að því er varðar ökutæki í flokki N1, undirflokkum II og III. Framkvæmdastjórnin skal láta fara fram greiningu á umhverfisþáttum, tæknilegum atriðum og hagkvæmni til að geta fyrir júnílok 1996 sett fram rökstudd markmið um ráðstafanir bandalagsins frá árinu 2000.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breyta ber I. viðauka við tilskipun 70/220/EBE í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Frá 1. október 1996 skulu aðildarríkin samþykka, að því er varðar 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 70/156/EBE, að fara að þeim kröfum sem eru settar fram í tilskipun 70/220/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá 1. janúar 1997 er aðildarríkjunum ekki lengur heimilt, að því er varðar ökutæki í undirflokkum I, og frá 1. janúar 1998, að því er varðar ökutæki í undirflokkum II og III, að veita:

- EB-gerðarviðurkenningu í samræmi við 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE, eða
- innlenda gerðarviðurkenningu, nema á grundvelli ákvæða 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 70/156/EBE,

vegna gerðar ökutækis, af ástæðum sem varða loftmengun í útblæstri hreyfla, enda fullnægi hún ekki tilskipun 70/220/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 226, 3. 8. 1989, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 242, 30. 8. 1991, bls. 1.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 186, 28. 7. 1993, bls. 21.

3. Frá 1. október 1997, að því er varðar ökutæki í undirflokkum I, og frá 1. október 1998, að því er varðar ökutæki í undirflokkum II og III:

- skulu aðildarríkin líta svo á að samræmisvottorð, sem fylgja nýjum ökutækjum í samræmi við ákvæði tilskipunar 70/156/EBE, gildi ekki lengur að því er varðar 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar, og
- mega aðildarríkin neita að skrá, selja eða taka í notkun ný ökutæki, sem ekki fylgir samræmisvottorð í samræmi við tilskipun 70/156/EBE, nema á grundvelli ákvæða 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 70/156/EBE,

ef loftmengun í útblæstri hreyfla er ekki í samræmi við kröfur tilskipunar 76/115/EBE, eins og henni var breytt með þessari tilskipun.

3. gr.

Aðildarríkin geta einungis heimilað skattaávilnanir vegna ökutækja er samrýmast tilskipun 70/220/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun. Slíkar ívilnanir skulu samrýmast ákvæðum sáttmálans og uppfylla eftirtalin skilyrði:

- þær skulu gilda um öll ný ökutæki sem eru boðin til sölu á markaði aðildarríkis og samrýmast þegar kröfum tilskipunar 70/220/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun,
- þær skulu falla úr gildi þegar lögboðin útblástursgildi sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 2. gr. vegna nýrra ökutækja koma til framkvæmda,
- fyrir hverja gerð vélknúins ökutækis skal fjárhæð þeirra vera lægri en viðbótarkostnaður vegna tæknibúnaðar, sem er tekinn upp til að tryggja samræmi við gildin, og ísetningar hans í ökutækið.

Framkvæmdastjórnin skal látin vita með nægum fyrirvara um allar áætlanir um að taka upp eða breyta skattaávilnunum, sem um getur í fyrstu málgrein, svo að hún geti lagt fram athugasemdir.

4. gr.

Evrópuþingið og ráðið skulu, á grundvelli skilyrða sem mælt er fyrir um í sáttmálanum, taka afstöðu, eigi síðar en 31. desember 1997, til tillagna, sem framkvæmdastjórnin leggur fram fyrir 30. júní 1996, um næsta áfanga í ráðstöfunum bandalagsins gegn loftmengun frá útblæstri vélknúinna ökutækja sem þessi tilskipun gildir um. Ráðstafanirnar gilda frá árinu 2000.

Tillögur framkvæmdastjórnarinnar skulu byggjast á aðferðinni sem er lýst í 4. gr. tilskipunar 94/12/EB.

5. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. október 1996. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

6. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

7. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. október 1996.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

Fyrir hönd ráðsins,

K. HÄNSCH

P. RABBITTE

forseti.

forseti.

VIÐAUKI

Breytingar á viðaukunum við tilskipun 70/220/EBE, eins og þeim er breytt með tilskipun 93/59/EBE

Eftirfarandi komi í stað töflunnar í lið 5.3.1.4:

Ökutækjaflokkur/ undirflokkur		Markgildi					
		Viðmiðunarmassi RW (kg)	Massi kolmónoxíðs L ₁ (g/km)		Samanlagður massi vetniskolefna og köfnunarefnisoxíða L ₂ (g/km)		Massi agna L ₃ (g/km)
Flokkur	Undirflokkur		Bensín	Dísil	Bensín	Dísil ⁽¹⁾	Dísil ⁽¹⁾
M ⁽²⁾	-	allur	2,2	1,0	0,5	0,7	0,08
N ₁ ⁽³⁾	I	RW ≤ 1 250	2,2	1,0	0,5	0,7	0,08
	II	1 250 < RW ≤ 1 700	4,0	1,25	0,6	1,0	0,12
	III	1 700 < RW	5,0	1,5	0,7	1,2	0,17

⁽¹⁾ Til 30. september 1999 eru markgildin L₂ og L₃ fyrir ökutæki með dísilhreyfla með beinni innspýtingu eftirfarandi:

	L ₂	L ₃
- flokkur M ⁽²⁾ og N ₁ ⁽³⁾ , undirflokkur I	0,9	0,10
- flokkur N ₁ ⁽³⁾ , undirflokkur II	1,3	0,14
- flokkur N ₁ ⁽³⁾ , undirflokkur III	1,6	0,20

⁽²⁾ Að undanskildum:

- ökutækjum sem hönnuð eru til að flytja fleiri en sex menn að ökumanni meðtöldum,
- ökutækjum sem eru með hámarks massa yfir 2 500 kg.

⁽³⁾ Og ökutæki í flokki M sem tilgreind eru í 2. neðanmálgrein.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/18/02

nr. 75/97
frá 12. nóvember 1997

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/97 frá 4. október 1997⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/64/EB frá 2. október 1996 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 77/389/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi dráttarbúnað vélknúinna ökutækja⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 28. lið (tilskipun ráðsins 77/389/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **396 L 0064:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/64/EB frá 2. október 1996 (Stjttíð. EB nr. L 258, 11. 10. 1996, bls. 26).”

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/64/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 14. febrúar 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 12. nóvember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

E. Bull

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 30, 5. 2. 1998, bls. 34 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 5, 5. 2. 1998, bls. 113.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 258, 11. 10. 1996, bls. 26.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 96/64/EB

frá 2. október 1996

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 77/389/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi dráttarbúnað vélknúinna ökutækja(*)

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 77/389/EBE frá 17. maí 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi dráttarbúnað vélknúinna ökutækja⁽¹⁾, einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilskipun 77/389/EBE er ein sértilskipananna sem fjalla um EBE-gerðarviðurkenningaradferðina sem var tekin upp með tilskipun 70/156/EBE⁽²⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 96/27/EB⁽³⁾. Af því leiðir að ákvæði tilskipunar 70/156/EBE sem varða kerfi, íhluta og aðskildar tæknieiningar í ökutækjum eiga við um þessa tilskipun.

Vegna tilskipunar 70/156/EBE, einkum 4. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr., er nauðsynlegt að hverri sértilskipun fylgi upplýsingaskjal, þar sem fram koma þau atriði í I. viðauka við þá tilskipun sem skipta máli, ásamt gerðarviðurkenningavottorði samkvæmt VI. viðauka við sömu tilskipun, í því skyni að koma á tölvuskráningu gerðarviðurkenninga.

Umræddar breytingar varða einungis stjórn-sýsluákvæði sem fjallað er um í tilskipuninni. Því er hvorki nauðsynlegt að fella úr gildi viðurkenningar samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar né koma í veg fyrir skráningu eða sölu nýrra ökutækja sem slíkar viðurkenningar gilda um eða að þau séu tekin í notkun.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum sem var komið á fót með tilskipun 70/156/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 258, 11. 10. 1996, bls. 26, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/97 frá 12. nóvember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 145, 13. 6. 1977, bls. 41.

(2) Stjtið. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.

(3) Stjtið. EB nr. L 169, 8. 7. 1996, bls. 1.

1. gr.

1. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á greinum tilskipunar 77/389/EBE:

- 1. gr. verði svohljóðandi: „... að undanskildum ökutækjum sem fara eftir teinum, landbúnaðardráttarvélum og öllum hreyfanlegum vélbúnaði.“,
- í 2. gr. komi „II. viðauka“ í stað „viðaukanum“,
- í 3. gr. komi „II. viðauka“ í stað „viðaukanum“,
- í 4. gr. komi „viðaukana“ í stað „þessa viðauka“.

2. Viðaukanum við tilskipun 77/389/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Frá 1. október 1997 er aðildarríkjnum:

- óheimilt að veita EB-gerðarviðurkenningu samkvæmt 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE, og
- heimilt að synja um innlenda gerðarviðurkenningu

fyrir nýja gerð ökutækis af ástæðum er varða dráttarbúnað, ef hún fullnægir ekki ákvæðum tilskipunar 77/389/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

Með þessari tilskipun eru engar áður veittar viðurkenningar, samkvæmt tilskipun 77/389/EBE, felldar úr gildi né komið í veg fyrir rýmkun slíkra viðurkenninga samkvæmt skilmálum þeirrar tilskipunar sem þær voru upphaflega veittar samkvæmt.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. október 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða fylgja þeim slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. október 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

BREYTINGAR Á VIÐAUKANUM VIÐ TILSKIPUN 77/389/EBE

1. Skrá yfir viðauka er bætt við milli meginmáls og viðaukans og verði svohljóðandi:

„SKRÁ YFIR VIÐAUKA

I. VIÐAUKI: Stjórnsýsluákvæði vegna gerðarviðurkenningar

1. viðbætur: Upplýsingaskjal
2. viðbætur: Gerðarviðurkenningavottorð

II. VIÐAUKI: Dráttarbúnaður“

2. Skotið er inn nýjum I. viðauka sem hér segir:

„I. VIÐAUKI

STJÓRNSÝSLUÁKVÆÐI VEGNA GERÐARVIÐURKENNINGAR

1. UMSÓKN UM EB-GERÐARVIÐURKENNINGU ÖKUTÆKIS
 - 1.1. Framleiðandi skal leggja fram umsókn um EB-gerðarviðurkenningu samkvæmt 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 70/156/EBE fyrir ökutæki að því er varðar dráttarbúnað.
 - 1.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu er að finna í 1. viðbæti.
 - 1.3. Látta ber tæknipjónustunni, sem annast prófanir vegna gerðarviðurkenningar, eftirfarandi í té:
 - 1.3.1. dæmigert ökutæki fyrir gerðina sem á að viðurkenna.
2. VEITING EB-GERÐARVIÐURKENNINGAR
 - 2.1. EB-gerðarviðurkenning skal veitt í samræmi við 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE, og 4. mgr. 4. gr. þegar það á við, ef viðeigandi kröfum er fullnægt.
 - 2.2. Fyrirmynd að EB-gerðarviðurkenningavottorði er að finna í 2. viðbæti.
 - 2.3. Allar viðurkenndar gerðir ökutækis skulu fá viðurkenningarnúmer í samræmi við VII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Sama aðildarríki er óheimilt að úthluta annarri gerð ökutækis sama númeri.
3. BREYTINGAR Á GERÐ OG Á VIÐURKENNINGU
 - 3.1. Ákvæði 5. gr. tilskipunar 70/156/EBE gilda þegar gerðar eru breytingar á gerð ökutækis sem er viðurkennd samkvæmt þessari tilskipun.
4. SAMRÆMI Í FRAMLEIÐSLU
 - 4.1. Gera ber ráðstafanir til að tryggja samræmi í framleiðslu í samræmi við ákvæði 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE.“

3. Eftirfarandi tveir nýir 1. og 2. viðbætur bætast við:

„1. viðbætur

UPPLÝSINGASKJAL nr. ...

SAMKVÆMT I VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN RÁÐSINS 70/156/EBE(*) UM EB-GERÐARVIÐURKENNINGU ÖKUTÆKIS AÐ ÞVÍER VARÐAR DRÁTTARBÚNAÐ

(Tilskipun 77/389/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun ... /...)

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þrírítu og með efnisyfirliti ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar í A4-stærð eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutar eða aðskildar tæknieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENNT

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti:
- 0.3. Gerðarauðkenni, ef slíkt er á ökutækinu^(b):
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur^(c):
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS

- 1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki:

2. MASSAR OG MÁL^(e) (í kg og mm)
(Sjá teikningu þar sem við á)

- 2.8. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu uppgefinn af framleiðanda^(e)
(hámark og lágmark):

- 2.11.5. Ökutækið hentar/hentar ekki⁽¹⁾ til að draga þunga (liður 1.2 í II. viðauka við tilskipun 77/389/EBE)

12. ÝMISLEGT

12.3. Dráttarbúnaður

- 12.3.1. Að framan: Krókur/auga/annað⁽¹⁾

- 12.3.2. Að aftan: Krókur/auga/annað/ekkert⁽¹⁾

- 12.3.3. Teikning eða ljósmynd af undirvagni/svæði á yfirbyggingu ökutækisins þar sem fram komi staðsetning, smíði og uppsetning dráttarbúnaðar:

Dagsetning, skrá

(*) Númer liða og neðanmálgreina í þessu upplýsingaskjali svara til númera og neðanmálgreina í I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Liðum sem varða ekki þessa tilskipun er sleppt.

(¹) Stríkið yfir það sem á ekki við.

2. viðbætur**FYRIRMYND**

(hámarksstærð: A4 (210 × 297 mm))

EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Stimpill yfirvalds

Tilkynning um

- gerðarviðurkenningu⁽¹⁾
- rýmkun gerðarviðurkenningar⁽¹⁾
- synjun um gerðarviðurkenningu⁽¹⁾
- afturköllun gerðarviðurkenningar⁽¹⁾

á gerð ökutækis/íhluta/aðskilinnar tæknieiningar⁽¹⁾ með hliðsjón af tilskipun ... /... /EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun ... /... /EB

Gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða fyrir rýmkun:

I. HLUTI

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti:
- 0.3. Gerðarauðkenni, ef það kemur fram á ökutækinu/íhlutanum/aðskildu tæknieiningunni⁽¹⁾(²): ..
.....
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur⁽¹⁾(³):
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa B-gerðarviðurkenningarkerkið, þegar um er að ræða íhluta og aðskildar tæknieiningar:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

II. HLUTI

1. Viðbótarupplýsingar (þar sem við á): sjá viðbót
2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
3. Dagsetning prófunarskýrslu:
4. Númer prófunarskýrslu:
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá viðbót
6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:
9. Meðfylgjandi er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins sem viðurkenningaryfirvöld varðveita en það má fá afhent sé þess óskað.

⁽¹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

⁽²⁾ Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhluta eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal setja spurningarkerki í stað rittáknanna (t.d. ABC?123??).

⁽³⁾ Í samræmi við skilgreininguna í A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.

Viðbót við EB-gerðarviðurkenningarvottorð nr. ...

vegna gerðarviðurkenningar ökutækis samkvæmt tilskipun 77/389/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun ... /... /EB

1. Viðbótarupplýsingar
- 1.1. Staðsetning:
- 1.2. Áfestingaraðferð:
5. Athugasemdir: “
4. Þessi viðauki verði II. viðauki.

Í lið 1.2 komi „II. viðauki A“ í stað „I. viðauki“.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/18/03

nr. 76/97
frá 12. nóvember 1997

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/97 frá 4. október 1997⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/36/EB frá 17. júní 1996 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 77/541/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi öryggisbelti og aðhaldsbúnað í vélknúnum ökutækjum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 32. lið (tilskipun ráðsins 77/541/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **396 L 0036:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/36/EB frá 17. júní 1996 (Stjttíð. EB nr. L 178, 17. 7. 1996, bls. 15).”

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/36/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 14. febrúar 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 12. nóvember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

E. Bull

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 30, 5. 2. 1998, bls. 34 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 5, 5. 2. 1998, bls. 113.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 178, 17. 7. 1996, bls. 15.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 96/36/EB

frá 17. júní 1996

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 77/541/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi öryggisbelti og aðhaldsbúnað í vélknúnum ökutækjum(*)

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/54/EB ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 13. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 77/541/EBE frá 28. júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi öryggisbelti og aðhaldsbúnað í vélknúnum ökutækjum ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/628/EBE ⁽⁴⁾, einkum 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilskipun 77/541 er ein sértilskipananna sem fjalla um EBE-gerðarviðurkenningaraðferðina sem var tekin upp með tilskipun 70/156/EBE. Af því leiðir að ákvæði tilskipunar 70/156/EBE, sem varða kerfi, íhluta og aðskildar tæknieiningar í ökutækjum, eiga við um þessa tilskipun.

Vegna tilskipunar 70/156/EBE, einkum 4. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr., er nauðsynlegt að hverri sértilskipun fylgi upplýsingaskjal, þar sem fram koma þau atriði í I. viðauka við þá tilskipun sem skipta máli, ásamt gerðarviðurkenningarvottorði, samkvæmt VI. viðauka við sömu tilskipun, í því skyni að koma á tölvuskráningu gerðarviðurkenninga.

Með hliðsjón af tækniframförum er unnt að vernda farþega betur með því að krefjast ísetningar þriggja punkta belta með inndráttarbúnaði fyrir ystu aftursæti í vélknúnum ökutækjum í flokki M₁.

Setja skal viðvörðun við öll farþegasæti með líknarbelg í því skyni að upplýsa notendur ökutækisins um tilvist líknarbelgsins og af þeim sökum ætti ekki setja afturvísandi aðhaldsbúnað fyrir barn í það sæti. Breyta ber þessari tilskipun enn frekar þegar ákjósanleg skýringarmynd, sem nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar, hefur verið hönnuð.

Hægt er að bæta varnir farþega gegn því að kastast út við slyss með því að krefjast þverbelta með inndráttarbúnaði í öllum sætum sem vísa fram eða aftur í vélknúnum ökutækjum í flokki M₂ og M₃, og þverbelta og skábelta í tilteknum ökutækjum í flokki M₂, (að frátöldum þeim ökutækjum sem eru hönnuð fyrir akstur í þéttbýli með standandi farþega), eins og mælt er fyrir um í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/628/EBE.

Gildistaka breytingar við þessa tilskipun í þá veru að krefjast skuli slíkra sætisbelta í ökutækjum í flokki M₂ og M₃, veltur á aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 76/115/EBE ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/629/EBE ⁽⁶⁾, um festingar öryggisbelta og tilskipun ráðsins 74/408/EBE ⁽⁷⁾ um styrkleika sæta.

Bæta verður varnir farþega, einkum í aftari miðsætum í bifreiðum, gegn því að kastast fram eða út við slyss og því ætti að gera frekari breytingar á tilskipuninni í þessu skyni.

Gildi ráðstafana í þessari tilskipun, sem eiga að bæta vernd farþega í hópferðabifreiðum og strætisvögnum, ræðst af notkun öryggisbeltanna sem mælt er fyrir um. Bæta þarf við þessa tilskipun breytingu á tilskipun ráðsins 91/671/EBE ⁽⁸⁾ um notkun öryggisbelta.

Vísað er til tilskipunar ráðsins 74/60/EBE ⁽⁹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 78/632/EBE ⁽¹⁰⁾, varðandi innréttingar vélknúinna ökutækja.

Ákvæði þessarar tilskipunar eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun tilskipana að tækniframförum sem komið var á fót með tilskipun 70/156/EBE.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 178, 17. 7. 1996, bls. 15, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/97 frá 12. nóvember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.

(2) Stjttíð. EB nr. L 266, 8. 11. 1995, bls. 1.

(3) Stjttíð. EB nr. L 220, 29. 8. 1977, bls. 95.

(4) Stjttíð. EB nr. L 341, 6. 12. 1990, bls. 1.

(5) Stjttíð. EB nr. L 24, 30. 1. 1976, bls. 6.

(6) Stjttíð. EB nr. L 341, 6. 12. 1990, bls. 14.

(7) Stjttíð. EB nr. L 221, 12. 8. 1974, bls. 1.

(8) Stjttíð. EB nr. L 373, 31. 12. 1991, bls. 26.

(9) Stjttíð. EB nr. L 38, 11. 2. 1974, bls. 2.

(10) Stjttíð. EB nr. L 206, 29. 7. 1978, bls. 26.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**1. gr.**

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 77/541/EBE:

1. - Orðin „..., eða viðurkennds fulltrúa hans,...“ í fyrstu málsgrein 2. gr. falli brott.
 - Eftirfarandi komi í stað 4. gr.:

„4. gr.

Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu tilkynna hvert öðru, samkvæmt þeirri aðferð sem er tilgreind í 6. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE, um sérhverja gerð öryggisbelta og aðhaldsbúnaðar sem hefur fengið eða verið synjað um viðurkenningu eða hún afturkölluð.“
 - Í stað „I. viðauka“ í 9. gr. komi „II. viðauka A“.
2. Skrá yfir viðauka skal bætt við og viðaukum við tilskipun 77/541/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.
3. Í stað hugtaksins, sem var áður notað á öðrum tungumálum fyrir „gerðarviðurkenningu“, kemur nýtt hugtak.

2. gr.

1. Frá og með 1. janúar 1997 er aðildarríkjum óheimilt, af ástæðum er varða öryggisbelti og aðhaldsbúnað:
 - að synja um EBE-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð vélknúins ökutækis, öryggisbeltis eða aðhaldsbúnaðar eða
 - að banna að ökutæki verði skráð, seld eða tekin í notkun eða öryggisbelti eða aðhaldsbúnaður seldur eða tekinn í notkun,

ef öryggisbelti og aðhaldsbúnaður eru í samræmi við kröfur tilskipunar 77/541/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá og með 1. október 1999, að því er varðar ökutæki í flokki M₂, sem vega 3 500 kg eða minna, og frá og með 1. október 1997, að því er varðar öll önnur ökutæki, með fyrirvara um ákvæði 5. mgr.:

- skulu aðildarríkin hætta að gefa út EB-gerðarviðurkenningu,
- er aðildarríkjunum heimilt að synja um innlenda gerðarviðurkenningu,

fyrir gerð ökutækis, af ástæðum er varða öryggisbelti og aðhaldsbúnað, og fyrir gerð öryggisbeltis eða aðhaldsbúnaðar ef kröfum tilskipunar 77/541/EBE, eins og henni var síðast breytt með þessari tilskipun, er ekki fullnægt.

- 3.1. Frá og með 1. október 2001, að því er varðar ökutæki í flokki M₂ með 3 500 kg hámarks massa, og frá 1. október 1999, að því er varðar öll önnur ökutæki í flokki M, með fyrirvara um ákvæði 5. mgr.:

- skulu aðildarríkin líta svo á að samræmisvottorð, sem fylgja nýjum ökutækjum samkvæmt ákvæðum tilskipunar 70/156/EBE, gildi ekki lengur að því er varðar 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar, og
- mega aðildarríkin neita að skrá, selja og taka í notkun ný ökutæki, sem ekki fylgir samræmisvottorð í samræmi við tilskipun 70/156/EBE, og
- mega aðildarríkin neita að selja og taka í notkun ný öryggisbelti og aðhaldsbúnað,

af ástæðum er varða öryggisbelti og aðhaldsbúnað, ef kröfum tilskipunar 77/541/EBE, eins og henni var breytt með þessari tilskipun, hefur ekki verið fullnægt.

- 3.2. Frá og með 1. október 1999 gilda þær kröfur tilskipunar 77/541/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, sem varða öryggisbelti og aðhaldsbúnað sem íhluta, að því er tekur til 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

4. Að því er varðar varahluti skulu aðildarríkin, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. og málsgreinar 3.2 hér að framan, veita áfram gerðarviðurkenningu fyrir öryggisbelti og aðhaldsbúnað í samræmi við fyrri gerðir tilskipunar 77/541/EBE, að því tilskildu að slík öryggisbelti og aðhaldsbúnaður:

- verði fest á ökutæki sem þegar eru í notkun, og
- séu í samræmi við kröfur þeirrar tilskipunar sem voru í gildi þegar ökutækin voru skráð í fyrsta sinn.

5. Þrátt fyrir 2. mgr. og málsgrein 3.1 hér að framan skulu ákvæði þessara málsgreina gilda frá 1. janúar 1997 að því er varðar viðvörunarmerki um líknarbelgi í samræmi við lið 3.1.11 í I. viðauka.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 31. desember 1996. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða fylgja þeim slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 17. júní 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Eftirfarandi skrá yfir viðauka bætist við:

SKRÁ YFIR VIÐAUKA

- I. VIÐAUKI: Gildissvið, skilgreiningar, EBE-gerðarviðurkenning íhluta og kröfur um ísetningu
- II. VIÐAUKI: Gerðarviðurkenningarskjöl
 1. *viðbætur* Upplýsingaskjal (íhluti)
 2. *viðbætur* Upplýsingaskjal (ökutæki)
 3. *viðbætur* Gerðarviðurkenningarvottorð (íhluti)
 4. *viðbætur* Gerðarviðurkenningarvottorð (ökutæki)
- III. VIÐAUKI: EBE-gerðarviðurkenningarmerki íhluta
- IV. VIÐAUKI: Dæmi um tæki til að prófa endingu inndráttarbúnaðar
- V. VIÐAUKI: Dæmi um tæki til að prófa neyðarlæsingu inndráttarbúnaðar
- VI. VIÐAUKI: Dæmi um tæki til að prófa rykvörn inndráttarbúnaðar
- VII. VIÐAUKI: Lýsing á vagni, sæti, festingum og stöðvunarbúnaði
- VIII. VIÐAUKI: Lýsing á mannslíkani
- IX. VIÐAUKI: Lýsing á ferli hraðaminnkunar vagns
- X. VIÐAUKI: Notkunarleiðbeiningar
- XI. VIÐAUKI: Prófun á tvöfaldri lássylgju
- XII. VIÐAUKI: Slit- og hlaupprófanir
- XIII. VIÐAUKI: Tæringarprófun
- XIV. VIÐAUKI: Tímaröð prófana
- XV. VIÐAUKI: Ísetning öryggisbeltis ásamt gerð belta og gerð inndráttarbúnaðar
- XVI. VIÐAUKI: Samræmi í framleiðslu

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðauka:

- Liður 0 verði svohljóðandi:

„0. **Gildissvið**

Þessi tilskipun gildir um öryggisbelti og aðhaldsbúnað sem er hannaður með það fyrir augum að hann verði settur í ökutæki, sem samrýmast skilgreiningunni í 9. gr., ætlaður til notkunar sér, þ.e. sem stakur búnaður fyrir fullvaxið fólk í sætum sem snúa fram eða aftur.“

- Svohljóðandi fimm nýir liðir bætast við á eftir lið 1.22:

„1.23. „Viðmiðunarsvæði“ er svæðið milli tveggja lóðréttra lengdarplana sem eru samhverf miðað við punktinn H og 400 mm á milli þeirra og markast af snúningi höfuðlíkans, sem er lýst í II. viðauka tilskipunar 74/60/EBE, úr lóðréttri stöðu í lárétta. Líkanið skal vera í þeirri stöðu sem er lýst í þeim viðauka og ekki vera lengra en 840 mm.

1.24. „Líknarbelgur“ er búnaður til viðbótar öryggisbeltum og aðhaldsbúnaði í aflknúnum ökutækjum, þ.e. kerfi sem skýtur sjálfkrafa út mjúkum þrýstiloftsfylltum belg til að draga úr þeim áhrifum sem snerting eins eða fleiri líkamshluta ökumanns eða farþega ökutækisins við innréttingar í farþegarými getur haft ef ökutækið lendir í hörðum árekstri.

1.25. „Líknarbelgur fyrir farþega“ er líknarbelgur sem á að vernda einn eða fleiri farþega, sem sitja í öðrum sætum en ökumannssæti, við árekstur að framan.

1.26. „Aðhaldsbúnaður fyrir börn“ er samsetning íhluta sem geta verið ólar eða sveigjanlegir hlutar með lássylgju, beltisstillingum og festingum og í sumum tilvikum einnig stóll og/eða högghlíf, sem unnt er að festa í vélknúð ökutæki. Hann er einnig hannaður til að draga úr hættu á meiðslum þess sem hann notar við árekstur, eða þegar mjög snögglega er dregið úr hraða ökutækis, með því að takmarka möguleika á því að sá er notar búnaðinn hreyfist úr stað.

1.27. „Afturvísandi“ merkir að snúið er í gagnstæða átt við þá sem ökutækið hreyfist venjulega í.“

- Liðir 1.8.4.1 og 1.8.4.2 verði svohljóðandi:

„1.8.4.1. Dregur úr ferð ökutækisins (einfalt næmi).

1.8.4.2. Samsetning eftirfarandi þátta: dregur úr ferð ökutækis, átak kemur á ólina eða með öðrum sjálfvirkum hætti (margfalt næmi).“

- Liður 2.1.1 verði svohljóðandi:

„2.1.1. Framleiðandi skal leggja fram umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu fyrir gerð öryggisbeltis samkvæmt 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

Framleiðandi, eða framleiðandi ökutækisins sem búnaðurinn fer í, skal leggja fram umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu fyrir gerð aðhaldsbúnaðar samkvæmt 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 70/156/EBE.“

- Liður 2.1.2 verði svohljóðandi:

„2.1.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu er að finna í 1. viðbæti við II. viðauka. Láta ber tækniþjónustunni, sem annast prófanir vegna gerðarviðurkenningar, eftirfarandi sýnishorn í té:“

- Liður 2.1.2.1 falli niður.
- Liðir 2.1.2.2, 2.1.2.3 og 2.1.2.4 verði að liðum 2.1.2.1, 2.1.2.2 og 2.1.2.3, eftir því sem við á.
- Liður 2.1.3 verði svohljóðandi:

„2.1.3. Umsækjandi skal leggja fram tvö sýnishorn af aðhaldsbúnaði hjá tæknipjónustunni sem sér um viðurkenningarprófanir á slíkum búnaði. Þetta gætu verið tvö sýnishorn af beltum sem um getur í lið 2.1.2.1 og, að vali framleiðanda, annaðhvort ökutæki sem er dæmigert fyrir gerð ökutækis sem viðurkenna á eða sá hluti eða þeir hlutar sem tæknipjónustan telur nauðsynlegt að prófa.“
- Svohljóðandi nýr liður bætist við á eftir lið 2.4.1.4:

„2.4.1.5. Bannað er að nota efni, sem hafa eiginleika pólíamíðs 6 með tilliti til uppsöfnunar vatns, í alla vélræna hluta ef líklegt má telja að það hafi óæskileg áhrif á vinnslu þeirra.“
- Við lok liðar 2.4.5.2.1 bætist eftirfarandi:

„Einungis forskriftir um hraðaminnkun ökutækisins gilda að því er varðar einfalt næmi samkvæmt lið 1.8.4.1.“
- Við lok liðar 2.4.5.2.1.5 bætist eftirfarandi:

„Þó þarf ekki að uppfylla þessa kröfu ef inndráttarbúnaður hefur margfalt næmi, að því tilskildu að einungis eitt stakt næmi sé háð utanaðkomandi merki eða orkugjafa og að ökumaður fái boð um bilun merkisins eða orkugjafans með ljós- og/eða hljóðmerki.“
- Liður 2.4.5.2.2 verði svohljóðandi:

„2.4.5.2.2. Þegar inndráttarbúnaður með neyðarlæsingu og margföldu næmi, þar á meðal ólarnæmi, er prófaður í samræmi við lið 2.7.7.2 skal hann vera í samræmi við tilgreindar kröfur og læsast þegar hraðaaukning ólar, mæld í útdráttarstefnu, er 2,0 G hið minnsta.“
- Svohljóðandi nýr liður bætist við á eftir lið 2.6.1.4.2:

„2.6.1.5. Þó geta færslur, að því er varðar aðhaldsbúnað, verið meiri en tilgreint er í lið 2.6.1.3.2 ef undanþágan, sem kveðið er á um í lið 5.5.4 í I. viðauka við tilskipun 76/115/EBE, á við um efri festingar sætisins. Upplýsingar um aðhaldsbúnaðinn sem um ræðir skulu fylgja með í viðbót við gerðarviðurkenningarvottorðið sem um getur í 3. og 4. viðbæti við II. viðauka.“
- Í lið 2.7.3: komi „2.1.2.2“ í stað „2.1.2.4“.
- Liður 2.7.10 (Prófunarskýrsla), sem fékk ekki nýtt númer í tilskipun 90/628/EBE, verði að lið 2.7.11.
- Síðasti málsliður í lið 2.7.11 verði svohljóðandi:

„Ef mannslíkanið færast lengra fram en mælt er fyrir um í lið 2.6.1.3.2 skal þess getið í skýrslunni hvort kröfur liðar 2.6.1.4.1 hafi verið uppfylltar.“
- Liður 2.8.3 verði svohljóðandi:


„2.8.3. Almennt ber að gera ráðstafanir til að tryggja samræmi í framleiðslu í samræmi við ákvæði 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE.“

- Liður 2.8.3.1 verði svohljóðandi:
 - „2.8.3.1. Mælt er fyrir um sérákvæði, sem fjalla ítarlega um þær prófanir sem gera skal og hversu oft, í XVI. viðauka við þessa tilskipun.“
- Liðir 2.8.3.2 til 2.8.4.5 falli niður.
- Liður 3.1.1 verði svohljóðandi:
 - „3.1.1. Að frátöldum fellisætum (eins og þau eru skilgreind í tilskipun 76/115/EBE) og sætum sem eru einungis ætluð til notkunar þegar ökutæki er kyrrstætt, skulu sætin í ökutækjum, sem falla undir 9. gr. í flokkum M og N (nema þau ökutæki í flokki M₂ og M₃ sem eru bæði hönnuð fyrir akstur í þéttbýli og standandi farþega), vera búin öryggisbeltum eða aðhaldsbúnaði sem fullnægir kröfum þessarar tilskipunar.“
- Liður 3.1.3 verði svohljóðandi:
 - „3.1.3. Þó er heimilt... að setja upp þverbelti af gerð Br4m...“ („B, Br3 eða“ falli niður).“
- Svohljóðandi fjórum nýjum liðum er bætt við á eftir lið 3.1.9:
 - „3.1.10. Á hverju sæti í XV. viðauka, sem er merkt með táknuinu , skulu vera þriggja punkta belti af þeirri gerð sem er tilgreind í XV. viðauka, nema eitt af eftirfarandi skilyrðum sé uppfyllt:
 - að beint fyrir framan sé sæti eða aðrir hlutar ökutækisins sem fullnægja ákvæðum liðar 3.5 í 1. viðbæti við III. viðauka við tilskipun 74/408/EBE,
 - að enginn hluti ökutækisins sé á viðmiðunarsvæðinu, eða geti verið þar, þegar ökutækið er á hreyfingu, eða
 - að hlutar ökutækisins, sem eru á tóðu viðmiðunarsvæði, séu í samræmi við kröfur um orkugleypni sem mælt er fyrir um í 6. viðbæti við III. viðauka við tilskipun 74/408/EBE

en í því tilviki er heimilt að hafa tveggja punkta belti af þeirri gerð sem er tilgreind í XV. viðauka.“
 - 3.1.11. Setja skal við sæti með líknarbelg viðvörðun um notkun afturvísandi aðhaldsbúnaðar fyrir barn, nema eins og kveðið er á um í lið 3.1.12. Viðvörðunarmerkið skal vera í formi skýringarmyndar, skýringartexti má fylgja, og vera varanlega fest og þannig staðsett að það sé vel sýnilegt þeim sem hyggst setja afturvísandi aðhaldsbúnað fyrir barn á sætið. Dæmi um hugsanlega hönnun á skýringarmynd er sýnd í mynd 1. Ef viðvörðunin er ekki sýnileg þegar hurðinni er lokað skal varanleg tilvísun ætíð vera sýnileg.

Mynd 1

(Dæmi um skýringarmynd)



- 3.1.12. Kröfurnar í lið 3.1.11 gilda ekki ef í ökutækinu er búnaður sem skynjar sjálfvirkt að afturvísandi aðhaldsbúnaðar fyrir barn er til staðar og tryggir að líknarbelgurinn þenjst ekki út eftir ísetningu slíks aðhaldsbúnaðar fyrir barn.
- 3.1.13. Að því er varðar sæti, sem er hægt að snúa eða færa í aðra stöðu þegar ökutækið er kyrrstætt, gilda kröfur liðar 3.1.1 einungis að því er varðar þá stöðu sem miðast við eðlilega notkun við akstur ökutækisins á vegi, í samræmi við þessa tilskipun. Setja skal athugasemd um þetta í upplýsingaskjalið.“
- Svohljóðandi nýjum lið er bætt við á eftir lið 3.2.2.4:
- „3.2.2.5. Tækniþjónustan skal staðfesta
- að hugsanlegur slaki á beltinu komi ekki í veg fyrir rétta ísetningu aðhaldsbúnaðar fyrir barn sem framleiðandi hefur mælt með, og
 - að ytra tog á skáhluta beltisins valdi að minnsta kosti 50 N togi á þann hluta þess sem liggur þversum, að því er varðar þriggja punkta belti,
- þegar lástungan er í lássylgjunni og enginn er í sætinu.“
- Svohljóðandi þremur nýjum liðum er bætt við:
- „4. **Umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu ökutækis á ísetningu öryggisbelta og aðhaldsbúnaðar**
- 4.1. Framleiðandi skal leggja fram umsókn um viðurkenningu fyrir gerð ökutækis með hliðsjón af ísetningu öryggisbelta og aðhaldsbúnaðar samkvæmt 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 70/156/EBE.
- 4.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu er að finna í 2. viðbæti við II. viðauka.
- 4.3. Láta ber tækniþjónustunni, sem annast prófanir vegna gerðarviðurkenningar, í té ökutæki sem er dæmigert fyrir gerðina sem á að viðurkenna.
5. **Veiting EBE-gerðarviðurkenningar**
- 5.1. EBE-gerðarviðurkenning skal veitt samkvæmt 3. og 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE ef viðeigandi kröfum er fullnægt.
- 5.2. Fyrirmynd að EBE-gerðarviðurkenningarvottorði er að finna í:
- 5.2.1. 3. viðbæti II. viðauka vegna umsókna sem um getur í lið 2.1;
- 5.2.2. 4. viðbæti II. viðauka vegna umsókna sem um getur í lið 4.
- 5.3. Allar viðurkenndar gerðir öryggisbelta eða aðhaldsbúnaðar og ökutækis skulu fá viðurkenningarnúmer í samræmi við ákvæði VII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Sama aðildarríki er óheimilt að úthluta annarri gerð öryggisbelta eða aðhaldsbúnaðar eða annarri gerð ökutækis sama númeri.
6. **Breytingar á gerð og á viðurkenningu**
- 6.1. Ákvæði 5. gr. tilskipunar 70/156/EBE gilda þegar gerðar eru breytingar á gerð ökutækis eða gerð öryggisbeltis eða aðhaldsbúnaðar sem er viðurkennd samkvæmt þessari tilskipun.“

Eftirfarandi II. viðauki kemur í stað II. viðauka:

„II. VIÐAUKI

GERÐARVIÐURKENNINGARSKJÖL

1. viðbætur

Upplýsingaskjal nr. ...

sem fjallar um EBE-gerðarviðurkenningu íhluta með tilliti til öryggisbelta og aðhaldsbúnaðar (tilskipun 77/541/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 96/36/EB)

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þrítí og með efnisyfirliti, ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar í A4 stærð eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutar eða aðskildar tæknieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. **Almennt**

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti:
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EBE-gerðarviðurkenningarmerkið, ef um er að ræða íhluta og aðskildar tæknieiningar:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

1. **Skrá yfir ökutæki (eitt eða fleiri) sem setja á búnaðinn í [ef við á]**

2. **Lýsing á búnaðinum**

- 2.1. Öryggisbelti
 - 2.1.1. Gerð öryggisbeltis (tveggja punkta belti, þriggja punkta belti, fast, sjálfvirkt):
 - 2.1.2. Upplýsingar um belti (efni, vefnaður, mál og litur):
 - 2.1.3. Gerð inndráttarbúnaðar (merking samkvæmt lið 1.1.3.2.2 í III. viðauka við tilskipun 77/541/EBE):
 - 2.1.3.1. Upplýsingar um aðra virkni, ef við á:
 - 2.1.4. Teikningar af stífum hlutum (samkvæmt lið 1.2.1 í I. viðauka við tilskipun 77/541/EBE):
 - 2.1.5. Skýringarmynd af sætisbeltasamstæðunni með upplýsingum um stífa hluta og staðsetningu þeirra:
 - 2.1.6. Leiðbeiningar um festingu er sýna meðal annars ísetningu inndráttarbúnaðar og skynjunarbúnaðar sem honum fylgir:
 - 2.1.7. Ef búnaður til að stilla beltahæð er til staðar skal tilgreina hvort hann telst vera hluti beltisins:

2.1.8. Ef notaður er strekkibúnaður skal fylgja með nákvæm tæknilysing á gerð hans og virkni, ásamt skynjunarbúnaði, er lýsir með hvaða aðferð hann er virkjaður og nauðsynlegum aðferðum til koma í veg fyrir að hann verði gangsettur af vangá:

2.2. Aðhaldsbúnaður

Til viðbótar þeim upplýsingum sem krafist er í lið 2.1 hér að framan:

2.2.1. Teikningar af viðeigandi hlutum af burðarvirki ökutækisins og styrkingum sætisfestinga:

2.2.2. Teikningar af sætinu, er sýna sætisgrindina, stillibúnað og festingarhluta, ásamt upplýsingum um það efni sem er notað:

2.2.3. Teikning eða ljósmynd af aðhaldsbúnaði eins og hann er settur upp:

Dagsetning, skrá

2. viðbætur

Upplýsingaskjal nr. ...

samkvæmt I. viðauka við tilskipun ráðsins 70/156/EEB(*) sem fjallar um EBE-gerðarviðurkenningu ökutækis með tilliti til öryggisbelta og aðhaldsbúnaðar (tilskipun 77/541/EEB, eins og henni var síðast breytt með tilskipun ... /... /EB)

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þrítí og með efnisyfirliti, ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar í A4 stærð eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutar eða aðskildar tæknieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. Almenn

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti:
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu (*):
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur (°):
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

1. Almennir smíðaeiginleikar ökutækisins

- 1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki:

9. Yfirbygging

9.10.3. Sæti

- 9.10.3.1. Fjöldi:

- 9.10.3.2. Staðsetning og fyrirkomulag:

- 9.10.3.2.1. Staða sætis, einungis til notkunar þegar ökutækið er kyrrstætt:

(*) Númer liða og neðanmálsgreina í þessu upplýsingaskjali svara til númera og neðanmálsgreina í I. viðauka við tilskipun 70/156/EEB. Liðum sem varða ekki þessa tilskipun er sleppt.

9.10.3.4. Eiginleikar: lýsing á og teikning af⁽¹⁾

9.10.3.4.1. sætum og festingum þeirra:

9.10.3.4.2. stillibúnaði:

9.10.3.4.3. færslubúnaði og læsingabúnaði:

9.10.3.4.4. festingum sætisbelta, séu þær hluti af sætisgrind:

9.12. Öryggisbelti og/eða annar aðhaldsbúnaður

9.12.1 Fjöldi og staðsetning öryggisbelta og aðhaldsbúnaðar og sæti sem hægt er að festa þau á:

		Heilt EBE-gerðar- viðurkenn- ingamerki	Afbrigði (ef við á)	Hæðarstillingar- búnaður fyrir belti (já/nei/valkvætt)
Fyrsta sætaröð	R			
	C			
	L			
Önnur sætaröð ⁽²⁾	R			
	C			
	L			

(R = hægra sæti, C = miðsæti, L = vinstra sæti)

9.12.2. Tegund og staðsetning viðbótaraðhaldsbúnaðar (já/nei/valkvætt):

		Líknarbelgur að framan	Líknarbelgur við hlið	Spennibúnaður fyrir belti
Fyrsta sætaröð	R			
	C			
	L			
Önnur sætaröð ⁽²⁾	R			
	C			
	L			

(R = hægra sæti, C = miðsæti, L = vinstra sæti)

9.12.3. Fjöldi og staðsetning festinga fyrir öryggisbelti og sönnun á að farið sé að tilskipun 76/115/EBE (þ.e. EBE-gerðarviðurkenningarnúmer eða prófunarskýrsla):

Dagsetning, skrá

⁽¹⁾ Setja má gerðarviðurkenningarnúmer í stað upplýsinganna sem eru gefnar samkvæmt lið 9. 10. 3.4, ef það liggur fyrir. Ef það liggur ekki fyrir skal festa viðkomandi prófunarskýrslu eins og tilgreint er í tilskipun 74/408/EBE.

⁽²⁾ Hægt er að stækka töfluna ef í ökutæki eru fleiri en tvær sætaraðir eða fleiri sæti en þrjú á þverveginn.

3. viðbætur

FYRIRMYND

(Hámarksstærð: A4 (210 × 297 mm))

VOTTORÐ UMEBE-GERÐARVIÐURKENNINGU

Stimpill yfirvalds

Tilkynning um:

- gerðarviðurkenningu⁽¹⁾
- rýmkun gerðarviðurkenningar⁽¹⁾
- synjun gerðarviðurkenningar⁽¹⁾
- afturköllun gerðarviðurkenningar⁽¹⁾

á gerð ökutækis/íhluta/aðskilinnar tæknieiningar⁽¹⁾ með hliðsjón af tilskipun/...../EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun/...../EB.

Gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða fyrir rýmkun:

I. HLUTI

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðandans):
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti:
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu/íhlutanum/aðskildu tæknieiningunni⁽¹⁾(²):
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur⁽¹⁾(³):
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EBE-gerðarviðurkenningarmarkið, ef um er að ræða íhluta og aðskildar tæknieiningar:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

II. HLUTI

1. Viðbótarupplýsingar (þar sem við á) (sjá viðbót):
2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
3. Dagsetning prófunarskýrslu:
4. Númer prófunarskýrslu:
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru) (sjá viðbót)
6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:
9. Meðfylgjandi er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins sem viðurkenningaryfirvöld varðveita en það má fá afhent sé þess óskað.

⁽¹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

⁽²⁾ Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhluta eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta nær til skal setja spurningarmarki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).

⁽³⁾ Í samræmi við skilgreininguna í A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.

*Viðbót við EBE-gerðarviðurkenningarvottorð nr. ...***varðandi gerðarviðurkenningu íhluta öryggisbelta og aðhaldsbúnaðar með hliðsjón af tilskipun 77/541/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun ... /... /EB**

1. Viðbótarupplýsingar
- 1.1. Tilhögun:
- (nota skal ták og merki sem eru gefin upp í liðum 1.3 og 1.4 í III. viðauka; ef við á, skal tilgreina viðbótaratriði svo sem hæðarstillingarbúnað, spennibúnað o.s.frv.)
- 1.2. Ökutæki sem búnaðurinn er hannaður fyrir:
- 1.3. Sá staður á ökutækjunum sem setja á búnaðinn á:
5. Athugasemdir:

4. viðbætur

FYRIRMYND

(Hámarksstærð: A4 (210 × 297 mm))

VOTTORÐ UMEBE-GERÐARVIÐURKENNINGU

Stimpill yfirvalds

Tilkynning um:

- gerðarviðurkenningu⁽¹⁾
- rýmkun gerðarviðurkenningar⁽¹⁾
- synjun gerðarviðurkenningar⁽¹⁾
- afturköllun gerðarviðurkenningar⁽¹⁾

á gerð ökutækis/íhluta/aðskilinnar tæknieiningar⁽¹⁾ með hliðsjón af tilskipun/...../EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun/...../EB.

Gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða fyrir rýmkun:

I. HLUTI

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðandans):
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti:
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu/íhlutanum/aðskildu tæknieiningunni⁽¹⁾(²):
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur⁽¹⁾(³):
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EBE-gerðarviðurkenningarkerkið, ef um er að ræða íhluta og aðskildar tæknieiningar:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

II. HLUTI

1. Viðbótarupplýsingar (þar sem við á) (sjá viðbót):
2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
3. Dagsetning prófunarskýrslu:
4. Númer prófunarskýrslu:
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru) (sjá viðbót)
6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:
9. Meðfylgjandi er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins sem viðurkenningaryfirvöld varðveita en það má fá afhent sé þess óskað.

⁽¹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

⁽²⁾ Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhluta eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta nær til skal setja spurningarkerki í stað rittáknanna (t.d. ABC?123??).

⁽³⁾ Í samræmi við skilgreininguna í A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.

Viðbót við EBE-gerðarviðurkenningarvottorð nr. ...

varðandi gerðarviðurkenningu ökutækis með hliðsjón af tilskipun 77/541/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun ... /... /EB

1. Viðbótarupplýsingar
 - 1.1. Heiti þeirra öryggisbelta eða aðhaldsbúnaðar sem heimilt er að festa í ökutækið
 - 1.1.1. Tegund:
 - 1.1.2. Gerðarviðurkenningamerki íhluta:
 - 1.1.3. Staðsetning á ökutækinu:
 - 1.2. Festingar öryggisbeltis:
 - 1.2.1. Gerðarviðurkenningarnúmer:
- 1.3. Sæti
 - 1.3.1. Gerðarviðurkenningarnúmer, ef það er til:
5. Athugasemdir: “

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á III. viðauka:

- Liður 1.1.2 verði svohljóðandi:

„1.1.2. nálægt réttthyrningnum er sett „grunnviðurkenningarnúmer“ sem er í 4. hluta gerðarviðurkenningarnúmersins er um getur í VII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE og þar fyrir framan tölustafirnir tveir sem gefa til kynna raðnúmer síðustu meiriháttar tæknibreytingar á tilskipun 77/541/EBE þann dag sem gerðarviðurkenning var veitt. Í þessari tilskipun er raðnúmerið 04.“
- Liður 2: í stað „2439“ í skýringarmyndunum fjórum komi „04 2439“.
- Í lið 2.1, 2.2, 2.3 og 2.4 komi „samkvæmt þessari tilskipun (04) undir grunnviðurkenningarnúmerinu 2439“ í stað „undir númerinu 2439“.
- Svohljóðandi breytingar eru gerðar á athugasemd í lok III. viðauka:

grunnviðurkenningarnúmerið og táknið (táknin) skulu sett nálægt réttthyrningnum.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. viðauka (sjá tilskipun 90/628/EBE):

Svohljóðandi breytingar eru gerðar á töflunni og skýringum við hana:

„XV. VIÐAUKI

Tafla sem sýnir lágmarkskröfur vegna öryggisbelta og aðhaldsbúnaðar

Ökutækja- flokkur	Sæti sem vísa fram				Sæti sem vísa aftur
	Hliðarsæti		Miðsæti		
	Framsæti	Önnur sæti en framsæti	Framsæti	Önnur sæti en framsæti	
M ₁	Ar4m	Ar4m, Br4m ☒	B, Br3, Br4m eða A, Ar4m*	B, Br3, Br4m	B, Br3, Br4m
		§ 3.1.3: Nota má þverbelti ef sætið er í gangvegi	§ 3.1.7: Nota má þverbelti ef rúðan er utan svæðis		
M ₂ ≤ 3,5 tonn	Ar4m, Ar4Nm	Ar4m, Ar4Nm	Ar4m, Ar4Nm	Ar4m, Ar4Nm	Br3, Br4m, Br4Nm
M ₂ > 3,5 tonn	Br3, Br4m, Br4Nm eða Ar4m, Ar4Nm ☒	Br3, Br4m, Br4Nm eða Ar4m, Ar4Nm ☒	Br3, Br4m, Br4Nm eða Ar4m, Ar4Nm ☒	Br3, Br4m, Br4Nm eða Ar4m, Ar4Nm ☒	Br3, Br4m, Br4Nm
M ₃	Sjá § 3.1.10 að því er varðar skilyrði um hvenær nota má þverbelti	Sjá § 3.1.10 að því er varðar skilyrði um hvenær nota má þverbelti	Sjá § 3.1.10 að því er varðar skilyrði um hvenær nota má þverbelti	Sjá § 3.1.10 að því er varðar skilyrði um hvenær nota má þverbelti	
N ₁	Ar4m, Ar4Nm	B, Br3, Br4m, Br4Nm eða ekkert #	B, Br3, Br4m, Br4Nm eða A, Ar4m, Ar4Nm*	B, Br3, Br4m, Br4Nm eða ekkert #	Ekkert
		§3.1.8 og 9: Nota skal þverbelti í lítt vörðum sætum.	§ 3.1.7: Nota má þverbelti ef rúðan er utan svæðis.	§ 3.1.8 og 9: Nota skal þverbelti í lítt vörðum sætum.	
N ₂	B, Br3, Br4m, eða A, Ar4m, Ar4Nm*	B, Br3, Br4m, Br4Nm eða ekkert #	B, Br3, Br4m, Br4Nm eða A, Ar4m, Ar4Nm*	B, Br3, Br4m, Br4Nm eða ekkert #	Ekkert
N ₃	§ 3.1.7: Nota má þverbelti ef rúðan er utan viðmiðunarsvæðis og fyrir ökumannssæti.	§3.1.8 og 9: Nota skal þverbelti í lítt vörðum sætum.	Ar4Nm* § 3.1.7: Nota má þverbelti ef rúðan er utan svæðis.	§ 3.1.8 og 9: Nota skal þverbelti í lítt vörðum sætum.	

A: þriggja punkta beltí (þverbelti og skábelti)

B: tveggja punkta beltí (þverbelti)

r: inndráttarbúnaður

m: inndráttarbúnaður með neyðarlæsingu og margföldu næmi

3: inndráttarbúnaður með sjálfvirkri læsingu

4: inndráttarbúnaður með neyðarlæsingu

N: hærrí viðbragðsskil (sjá 1.8.3 - 1.8.5 í 1. viðauka)

Aths: Heimilt er að nota beltí af gerðinni S í stað belta af gerðum A eða B í öllum tilvikum, að því tilskildu að festingar sem uppfylla skilyrði tilskipunar 76/115/EBE séu notuð.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/18/04

nr. 77/97
frá 12. nóvember 1997

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/97 frá 4. október 1997⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/63/EB frá 30. september 1996 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/432/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hemlabúnað landbúnaðardráttarvéla á hjólum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 8. lið (tilskipun ráðsins 76/432/EBE) í II. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **396 L 0063:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/63/EB frá 30. september 1996 (Stjttíð. EB nr. L 253, 5. 10. 1996, bls. 13).”.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/63/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 14. febrúar 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 12. nóvember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

E. Bull

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 30, 5. 2. 1998, bls. 40 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 5, 5. 2. 1998, bls. 169.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 253, 5. 10. 1996, bls. 13.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 96/63/EB**frá 30. september 1996****um breytingu á tilskipun ráðsins 76/432/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hemlabúnað landbúnaðardráttarvéla á hjólum(*)**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100 gr. a,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/297/EBE ⁽²⁾, einkum 12. og 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Unnt er að endurbæta hemlaprófunina með því að jafna, sem skilgreinir hemlunarvegalegd sem fall af hraða, komi í stað meðalhraðaminnkunar; í kjölfar þeirrar breytingar verða gerðar frekari breytingar sem miða að því að auka öryggi dráttarvéla og íhluta sem tengjast notkun þeirra.

Ákvæði þessarar tilskipunar eru í samræmi við álit nefndarinnar um aðlögun að tækniframförum sem var komið á fót með tilskipun 74/150/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**1. gr.**

Hér með er I. og II. viðauka við tilskipun ráðsins 76/432/EBE ⁽³⁾ breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Frá 1. október 1997 er aðildarríkjunum óheimilt:

- að synja um EBE-gerðarviðurkenningu, útgáfu skjalsins sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar eða
- að banna að dráttarvélar verði skráðar, seldar eða teknar í notkun,

af ástæðum sem varða hemlabúnað ef dráttarvélarnar eru í samræmi við kröfur tilskipunar 76/432/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá 1. mars 1998:

- skulu aðildarríkin ekki lengur veita EB-gerðarviðurkenningu eða gefa út skjalið sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE, og
- mega aðildarríkin neita að veita innlenda gerðarviðurkenningu

af ástæðum sem varða hemlabúnað ef kröfunum í tilskipun 76/432/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, hefur ekki verið fullnægt.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. október 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða fylgja þeim slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 253, 5. 10. 1996, bls. 13, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/97 frá 12. nóvember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 84, 28. 3. 1974, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 126, 20. 5. 1988, bls. 52.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 122, 8. 5. 1976, bls. 1.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. september 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 76/432/EBE:

„1. Eftirfarandi málslíð er bætt við í lok fyrsta undirliðar í lið 4.2.6 í I. viðauka:

„Þegar hemlun verkar að öllu jöfnu á fleiri en einn ás má frátengja einn ás að því tilskildu að ávirkni aksturshemilsins tengi hann aftur sjálfkrafa og að það gerist sjálfkrafa ef tengibúnaðurinn bilar.“

2. Eftirfarandi komi í stað fyrsta málslíðar í lið 1.1.1 í II. viðauka: „Virgni aksturshemils er miðuð við hemlunarvegalegdina sem er reiknuð út samkvæmt jöfnunni í lið 2.1.1.1“,

- liður 1.2.2.2 falli niður,
- liður 2.1.1.1 breytist og verði svohljóðandi:

„2.1.1.1. Við prófun á gerð O, tryggja hemlunarvegalegd sem er reiknuð út á eftirfarandi hátt:

$$S_{\max} \leq 0,15V + \frac{v^2}{116}$$

þar sem

V er hámarkshraði, sem ákveðinn er með hönnun, í km á klukkustund, og

S_{\max} er hámarkshemlunarvegalegd í metrum“.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/18/05

nr. 78/97
frá 12. nóvember 1997

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 32/97 frá 12. júní 1997⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1140/96 frá 25. júní 1996 um breytingu á III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1147/96 frá 25. júní 1996 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1311/96 frá 8. júlí 1996 um breytingu á I., II., III. og IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1312/96 frá 8. júlí 1996 um breytingu á III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1433/96 frá 23. júlí 1996 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽⁶⁾ skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1742/96 frá 6. september 1996 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽⁷⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **396 R 1140:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1140/96 frá 25. júní 1996 (Stjttíð. EB nr. L 151, 26. 6. 1996, bls. 6),
- **396 R 1147:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1147/96 frá 25. júní 1996 (Stjttíð. EB nr. L 151, 26. 6. 1996, bls. 26),
- **396 R 1311:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1311/96 frá 8. júlí 1996 (Stjttíð. EB nr. L 170, 9. 7. 1996, bls. 4),
- **396 R 1312:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1312/96 frá 8. júlí 1996 (Stjttíð. EB nr. L 170, 9. 7. 1996, bls. 8),
- **396 R 1433:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1433/96 frá 23. júlí 1996 (Stjttíð. EB nr. L 184, 24. 7. 1996, bls. 21),
- **396 R 1742:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1742/96 frá 6. september 1996 (Stjttíð. EB nr. L 226, 7. 9. 1996, bls. 5).”

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 242, 4. 9. 1997 bls. 81 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 37, 4. 9. 1997, bls. 172.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 151, 26. 6. 1996, bls. 6.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 151, 26. 6. 1996, bls. 26.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 170, 9. 7. 1996, bls. 4.

⁽⁵⁾ Stjttíð. EB nr. L 170, 9. 7. 1996, bls. 8.

⁽⁶⁾ Stjttíð. EB nr. L 184, 24. 7. 1996, bls. 21.

⁽⁷⁾ Stjttíð. EB nr. L 226, 7. 9. 1996, bls. 5.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1140/96, 1147/96, 1311/96, 1312/96, 1433/96 og 1742/96 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 13. nóvember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 12. nóvember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

E. Bull

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1140/96**frá 25. júní 1996****um breytingu á III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu(*)**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 282/96 ⁽²⁾, einkum 6., 7. og 8. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 verður smám saman að ákvarða hámarksmagn leifa allra lyfjafræðilega virkra efna sem eru notuð í bandalaginu í dýralyf ætluð dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis.

Ekki skal ákvarða hámarksmagn leifa (MRL) fyrr en nefndin um dýralyf hefur kannað allar viðeigandi upplýsingar varðandi skaðleysi leifa viðkomandi efnis fyrir þá sem neyta matvæla úr dýraríkinu og áhrif leifanna á iðnaðarvinnslu matvæla.

Við ákvörðun á hámarksmagni dýralyfjaleifa í matvælum úr dýraríkinu er nauðsynlegt að tilgreina dýrategundina sem lyfjaleifarnar kunna að finnast í, magnið sem kann að finnast í hverjum viðkomandi kjötvef úr dýri sem hefur fengið lyfjameðferð (markvefur) og hvaða eiginleikar leifarinnar skipta máli við eftirlit með lyfjaleifum (leifamerki).

Til að auðvelda eftirlitið með lyfjaleifum, sem kveðið er á um í viðeigandi löggjöf bandalagsins, skal að jafnaði ákvarða hámarksmagn lyfjaleifa í markvef lifrar eða nýrna. Hins vegar eru lifur og nýru oft fjarlægð úr skrokkum í alþjóðaviðskiptum og því ætti einnig ávallt að ákvarða hámarksmagn lyfjaleifa í vöðva- eða fituvef.

Þegar um er að ræða dýralyf fyrir varpfugla, mjólkandi dýr eða hunangsflugur skal einnig ákvarða hámarksmagn lyfjaleifa í eggjum, mjólk eða hunangi.

Svo að unnt sé að ljúka vísindalegum rannsóknum ber að bæta asamepífosi, streptómýsíní, díhýdróstreptómýsíní, gentamísíní og neómýsíní við í III. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Fresta skal gildistöku þessarar reglugerðar um 60 daga svo að aðildarríkin fái svigrúm til að gera þær breytingar, sem nauðsynlegar kunna að vera með tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar, á markaðsleyfum sem hafa verið veitt fyrir viðkomandi dýralyf í samræmi við tilskipun ráðsins 81/851/EBE ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/40/EBE ⁽⁴⁾.

Ráðstafanimar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum á tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 151, 26. 6. 1996, bls. 6, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/97 frá 12. nóvember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 37, 15. 2. 1996, bls. 9.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 317, 6. 11. 1981, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 214, 24. 8. 1993, bls. 31.

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 60 dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júní 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

A. III. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Sýkingarlyf
- 1.2. Sýklalyf
- 1.2.5. Amínóglýkósíð

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
„1.2.5.2. Streptómýsín	Streptómýsín	Nautgripir, sauðfé, svín alifuglar Nautgripir, sauðfé	1 000 mg/kg 500 mg/kg 200 mg/kg	Nýra Vöðvi, lifur, fita Mjólk	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júní 2000
1.2.5.3. Díhýdróstreptómýsín	Díhýdróstreptómýsín	Nautgripir, sauðfé, svín alifuglar Nautgripir, sauðfé	1 000 mg/kg 500 mg/kg 200 mg/kg	Nýra Vöðvi, lifur, fita Mjólk	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júní 2000
1.2.5.4. Gentamísín	Gentamísín	Nautgripir, svín Nautgripir	1 000 mg/kg 200 mg/kg 100 mg/kg 100 mg/kg	Nýra Lifur, Vöðvi, fita Mjólk	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júní 2000
1.2.5.5. Neómýsín (einnig framýsetín)	Neómýsín	Nautgripir, sauðfé, geitur, svín, kjúklingar, kalkúnar, endur Nautgripir, sauðfé, geitur Kjúklingar	5 000 mg/kg 500 mg/kg 500 mg/kg 500 mg/kg	Nýra Vöðvi, lifur, fita Mjólk Egg	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júní 2000“

2. Sníklalyf
- 2.2. Útsníklalyf
- 2.2.2. Lífræn fosföt

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
„2.2.2.1. Asameþífos	Asameþífos	Laxategundir	100 mg/kg	Vöðvi og roð í eðlilegum hlutföllum	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júní 1997“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1147/96**frá 25. júní 1996****um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu(*)**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1140/96 ⁽²⁾, einkum 6., 7. og 8. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 verður smám saman að ákvarða hámarks magn leifa allra lyfjafræðilega virkra efna sem eru notuð í bandalaginu í dýralyf ætluð dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis.

Ekki skal ákvarða hámarks magn leifa (MRL) fyrr en nefndin um dýralyf hefur kannað allar viðeigandi upplýsingar varðandi skaðleysi leifa viðkomandi efnis fyrir þá sem neyta matvæla úr dýraríkinu og áhrif leifanna á iðnaðarvinnslu matvæla.

Við ákvörðun á hámarks magni dýralyfjaleifa í matvælum úr dýraríkinu er nauðsynlegt að tilgreina dýrategundina sem lyfjaleifarnar kunna að finnast í, magnið sem kann að finnast í hverjum viðkomandi kjötvæf úr dýri sem hefur fengið lyfjameðferð (markvæfur) og hvaða eiginleikar leifarinnar skipta máli við eftirlit með lyfjaleifum (leifamerki).

Til að auðvelda eftirlitið með lyfjaleifum, sem kveðið er á um í viðeigandi löggjöf bandalagsins, skal að jafnaði ákvarða hámarks magn lyfjaleifa í markvæf lifrar eða nýrna. Hins vegar eru lifur og nýru oft fjarlægð úr skrokkum í alþjóðaviðskiptum og því ætti einnig ávallt að ákvarða hámarks magn lyfjaleifa í vöðva eða fituvef.

Þegar um er að ræða dýralyf fyrir varpfugla, mjólkandi dýr eða hunangsflugur skal einnig ákvarða hámarks magn lyfjaleifa í eggjum, mjólk eða hunangi.

Bæta ber própani, n-bútani, ísóbútani, papaveríni, pólýetýlen-glykóli (með mólþunga frá 200 upp í 10 000), pólikresúleni, magnesíumi og efnasamböndum þess, papaíni og fenóli við í II. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Svo að unnt sé að ljúka vísindalegum rannsóknum ber að bæta klórsúlóni og vedaprófeni við í III. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Fresta skal gildistöku þessarar reglugerðar um 60 daga svo að aðildarríkin fái svigrúm til að gera þær breytingar, sem nauðsynlegar kunna að vera með tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar, á markaðsleyfum sem hafa verið veitt fyrir viðkomandi dýralyf í samræmi við tilskipun ráðsins 81/851/EBE ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/40/EBE ⁽⁴⁾.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 151, 26. 6. 1996, bls. 26, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/97 frá 12. nóvember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 151, 26. 6. 1996, bls. 6.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 317, 6. 11. 1981, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 214, 24. 8. 1993, bls. 31.

1. gr.

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 60 dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júní 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

A. II. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Ólífræn efnasambönd

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategund	Önnur ákvæði
„1.9. Magnesium 1.10. Magnesiumsúlfat 1.11. Magnesiumhýdroxíð 1.12. Magnesiumsterat 1.13. Magnesiumglútamát 1.14. Magnesiumórótat 1.15. Magnesiumálsilíkat 1.16. Magnesiumoxíð 1.17. Magnesiumkarbónat 1.18. Magnesiumfosfat 1.19. Magnesiumglýserófosfat 1.20. Magnesiumaspartat 1.21. Magnesiumsítrat 1.22. Magnesiumasetat 1.23. Magnesiumtrísilíkat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar Allar tegundir sem eru nýttar til matar Allar tegundir sem eru nýttar til matar Allar tegundir sem eru nýttar til matar Allar tegundir sem eru nýttar til matar Allar tegundir sem eru nýttar til matar Allar tegundir sem eru nýttar til matar Allar tegundir sem eru nýttar til matar Allar tegundir sem eru nýttar til matar Allar tegundir sem eru nýttar til matar Allar tegundir sem eru nýttar til matar Allar tegundir sem eru nýttar til matar Allar tegundir sem eru nýttar til matar Allar tegundir sem eru nýttar til matar Allar tegundir sem eru nýttar til matar Allar tegundir sem eru nýttar til matar Allar tegundir sem eru nýttar til matar“	

2. Lífræn efnasambönd

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategund	Önnur ákvæði
„2.37. Própan 2.38. n-bútan 2.39. Ísóbútan 2.40. Fenól 2.41. Papaverín 2.42. Pólíkresúlen 2.43. Papaín	Allar tegundir sem eru nýttar til matar Allar tegundir sem eru nýttar til matar Allar tegundir sem eru nýttar til matar Allar tegundir sem eru nýttar til matar Nautgripir Allar tegundir sem eru nýttar til matar Allar tegundir sem eru nýttar til matar	Aðeins nýbornir kálfar Aðeins til staðbundinnar notkunar“

3. Efni sem almennt eru talin skaðlaus

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategund	Önnur ákvæði
„3.62. Pólýetýlenglýkól (með mólþunga frá 200 upp í 10 000)	Allar tegundir sem eru nýttar til matar“	

B. III. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Sýkingarlyf
- 1.1. Efnameðferðarefni
- 1.1.5. Bensensúlfónamíð

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
„1.1.5.1. Klórsúlón	Klórsúlón	Nautgripir	50 mg/kg 150 mg/kg 400 mg/kg	Vöðvi Lifur Nýra	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. janúar 2000“

5. Bólgueyðandi lyf
- 5.1. Steralaus bólgueyðandi lyf
- 5.1.1. Arýlprópíónsýra

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
„5.1.1.1. Vedaprófen	Vedaprófen	Hestar	100 mg/kg 1 000 mg/kg 50 mg/kg	Lifur Nýra Vöðvi	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. janúar 1998“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1311/96**frá 8. júlí 1996****um breytingu á I., II., III. og IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu(*)****(Texti sem varðar EES)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu (1), eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1147/96 (2), einkum 5., 6., 7. og 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 verður smám saman að ákvarða hámarks magn leifa allra lyfjafræðilega virkra efna sem eru notuð í bandalaginu í dýrallyf ætluð dýrum sem gefa af sér afurðir til mannelids.

Ekki skal ákvarða hámarks magn leifa (MRL) fyrr en nefndin um dýrallyf hefur kannað allar viðeigandi upplýsingar varðandi skaðleysi leifa viðkomandi efnis fyrir þá sem neyta matvæla úr dýraríkinu og áhrif leifanna á iðnaðarvinnslu matvæla.

Við ákvörðun á hámarks magni dýrallyfjaleifa í matvælum úr dýraríkinu er nauðsynlegt að tilgreina dýrategundina sem lyfjaleifarnar kunna að finnast í, magnið sem kann að finnast í hverjum viðkomandi kjötvef úr dýri sem hefur fengið lyfjameðferð (markvefur) og hvaða eiginleikar leifarinnar skipta máli við eftirlit með lyfjaleifum (leifamerki).

Einungis er þörf á efnaleifaprófunum ef ekki er unnt að framreikna frá gögnum um virka efnið sem aflað hefur verið í samræmi við kröfurnar í lið 6.3.6 í II. viðauka. Þetta getur átt við um sérstakar blöndur, sérstakar notkunaraðferðir eða ræktun sem ekki voru lögð fram gögn um í tengslum við skráningu virka efnisins í I. viðauka eða ef gögn voru ekki nauðsynleg til að breyta skilyrðum fyrir skráningu þess í I. viðauka.

Prófunarskilyrði

Sömu ákvæði gilda og kveðið er á um í samsvarandi málsgreinum í lið 6.3 í II. viðauka.

8.3. Fóðrunarrannsóknir á búfénaði

Markmið prófana

Markmiðið með þessum rannsóknum er að ákvarða magn efnaleifa í vörum úr dýraríkinu vegna leifa í fóðri eða fóðurjurtum.

Aðstæður þar sem rannsókna er krafist

Einungis er þörf á frekari fóðrunarrannsóknum til að meta hámarks magn efnaleifa fyrir vörur úr dýraríkinu ef ekki er unnt að framreikna frá gögnum um virka efnið sem aflað hefur verið í samræmi við kröfurnar í lið 6.4 í II. viðauka. Þetta getur átt við ef heimila á viðbótarfóðurjurtir, er verður til þess að búfénaður tekur til sín meiri efnaleifar, sem ekki voru lögð fram gögn um í tengslum við skráningu virka efnisins í I. viðauka eða ef gögn voru ekki nauðsynleg til að breyta skilyrðum fyrir skráningu þess í I. viðauka.

Prófunarskilyrði

Sömu ákvæði gilda og kveðið er á um í samsvarandi málsgreinum í liðum 6.4 í II. viðauka.

8.4. Áhrif iðnaðarvinnslu og/eða vinnslu á heimilum

Markmið prófana

Helstu markmið með þessum rannsóknum eru:

- að ganga úr skugga um hvort niðurbrots- eða hvarfefni verði til úr efnaleifum við vinnslu hráefna, en það kann að krefjast sérstaks áhættumats,
- að ákvarða magnbundna dreifingu efnaleifa í hinum ýmsu milli- og lokaafurðum og meta yfirfærslustuðla,
- að gera það kleift að áætla á raunhæfari hátt efnaleifar sem berast með fæðu.

Aðstæður þar sem rannsókn er krafist

Einungis er þörf á frekari rannsóknum ef ekki er unnt að framreikna frá gögnum um virka efnið sem aflað hefur verið í samræmi við kröfurnar í lið 6.5 í II. viðauka. Þetta getur átt við um ræktun sem ekki voru lögð fram gögn um í tengslum við skráningu virka efnisins í I. viðauka eða ef gögn voru ekki nauðsynleg til að breyta skilyrðum fyrir skráningu þess í I. viðauka.

Prófunarskilyrði

Sömu ákvæði gilda og kveðið er á um í samsvarandi málsgreinum í lið 6.5 í II. viðauka.

8.5. Efnaleifar í síðari ræktun

Markmið prófana

Rannsóknirnar eiga að gera það kleift að meta hugsanlegar efnaleifar í síðari ræktun.

Aðstæður þar sem rannsókn er krafist

Einungis er þörf á frekari rannsóknum ef ekki er unnt að framreikna frá gögnum um virka efnið sem aflað hefur verið í samræmi við kröfurnar í lið 6.6 í II. viðauka. Þetta getur átt við um sérstakar blöndur, sérstakar notkunaraðferðir eða ræktun sem ekki voru lögð fram gögn um í tengslum við skráningu virka efnisins í I. viðauka eða ef gögn voru ekki nauðsynleg til að breyta skilyrðum fyrir skráningu þess í I. viðauka.

Prófunarskilyrði

Sömu ákvæði gilda og kveðið er á um í samsvarandi málsgreinum í lið 6.6 í II. viðauka.

8.6. Tillaga að hámarks magni efnaleifa (MRL) og skilgreiningu á efnaleifum

Leggja skal fram fullan rökstuðning fyrir tillögu að hámarks magni efnaleifa, ásamt nákvæmum upplýsingum um tölfræðigreininguna sem var notuð ef það á við.

Bendi efnaskiptarannsóknir, sem lögð eru fram gögn um í samræmi við ákvæði liðar 8.1, til þess að breyta beri skilgreiningunni á efnaleif með hliðsjón af efnunum sem finnast í raun í efnaleif, og nauðsynlegum úrskurði, samkvæmt samsvarandi málsgrein í lið 6.7 í II. viðauka, kann að reynast nauðsynlegt að endurmeta virka efnið.

8.7. Tillaga að hléum á fyrirhugaðri notkun fyrir uppskerutíma, að tímabilum þar sem notkun liggur niðri eða að geymslutímabilum ef um notkun eftir uppskerutíma er að ræða

Leggja verður fram fullan rökstuðning fyrir tillögunum.

8.8. Mat á hugsanlegri og raunverulegri áreitun með fæðu og eftir öðrum leiðum

Lögð verður áhersla á að reikna út raunhæfa spá um efnaleifar sem berast með fæðu. Þetta má gera í áföngum þannig að spánnar verði stöðugt raunhæfari. Þar sem við á skal taka tillit til annarra áreitunarupptaka, svo sem leifa frá manna- og dýrallyfjum.

8.9. Samantekt og mat á hegðun efnaleifa

Samantekt og mat á öllum gögnum sem greint er frá í þessum þætti skal vera í samræmi við leiðbeiningar lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna að því er viðvíkur framsetningu á samantektum og mati. Hér skal leggja fram nákvæmt og gagnrýnið mat um þessi gögn í tengslum við viðmiðanir og leiðbeiningar um mat og ákvörðunartöku, með sérstakri vísun í þá áhættu sem kann að skapast fyrir menn og dýr og umfang, gæði og áreiðanleika gagnasafnsins.

Hafi verið lögð fram gögn um efnaskipti verður að fjalla um hugsanlegar eiturverkanir umbrotsefna sem eru ekki úr spendýrum.

Gera skal yfirlitsmynd yfir efnaskiptaleiðir í plöntum og dýrum og skýra stuttlega frá dreifingunni og þeim efnabreytingum sem eiga sér stað, hafi verið lögð fram gögn um efnaskipti.“

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/18/07

nr. 80/97
frá 12. nóvember 1997

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 3/97 frá 10. mars 1997⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/71/EB frá 10. janúar 1996 um sameiginlega tæknilega reglugerð um aðgang að pakkaskiptum almennum gagnanetum (PSPDN) með X.25-skilflötum samkvæmt CCITT-tilmælum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 41. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/526/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„4m. **396 D 0071:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/71/EB frá 10. janúar 1996 um sameiginlega tæknilega reglugerð um aðgang að pakkaskiptum almennum gagnanetum (PSPDN) með X.25-skilflötum samkvæmt CCITT-tilmælum (Stjtíð. EB nr. L 13, 18. 1. 1996, bls. 23).”

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 96/71/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 13. nóvember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegru EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 12. nóvember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegru EES-nefndarinnar

Formaður

E. Bull

⁽¹⁾ Stjtíð. EB nr. L 182, 10. 7. 1997 bls. 30 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 39, 10. 7. 1997, bls. 2.

⁽²⁾ Stjtíð. EB nr. L 13, 18. 1. 1996, bls. 23.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 10. janúar 1996

um sameiginlega tæknilega reglugerð um aðgang að pakkaskiptum almennum gagnanetum (PSPDN) með X.25-skilflötum samkvæmt CCITT-tilmælum(*)

(Texti sem varðar EES)

(96/71/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/263/EBE frá 29. apríl 1991 um samhæfingu laga aðildarríkjanna um notendabúnað til fjarskipta ásamt gagnkvæmri viðurkenningu á samræmi⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/68/EBE⁽²⁾ og hún rýmkuð með tilskipun 93/97/EBE⁽³⁾, einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Framkvæmdastjórnin hefur, samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 14. gr. tilskipunar 91/263/EBE, og ekki síst í samræmi við álit sem samþykkisnefnd endabúnaðar (ACTE) lagði fram hinn 4. desember 1991, gert ráðstafanir til að ákveða hvaða gerð af endabúnaði skuli falla undir þessa sameiginlegu tækniforskrift og tilheyrandi yfirlýsingu um gildissvið.

Viðkomandi staðlastofnun hefur samið samhæfðu staðlana til framkvæmdar viðeigandi grunnkröfum.

Leggja skal ráðstafanirnar fyrir nefndina samkvæmt málsmeðferðinni í 14. gr. tilskipunar 91/263/EBE.

Framkvæmdastjórnin hefur lagt fram drög að ráðstöfunum til umsagnar hjá samþykkisnefndinni í samræmi við 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/263/EBE.

Samkvæmt ákvæðum annars undirliðar 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 91/263/EBE ber framkvæmdastjórnin ábyrgð á því að settir verði samsvarandi samhæfðir staðlar til framkvæmdar grunnkröfum sem síðan verða að sameiginlegum tækniforskriftum.

Sameiginlega tækniforskriftin, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, er í samræmi við álit samþykkisnefndar endabúnaðar (ACTE) sem var lagt fram 16. febrúar 1995.

Endurskoða skal þessa ákvörðun eigi síðar en tveimur árum eftir samþykkt hennar og taka við það tilhlýðilegt tillit til þess hvernig verki miðar hjá þeirri staðlastofnun sem annast undirbúning nýs samhæfðs staðals til framkvæmdar viðeigandi grunnkröfum.

Í sumum aðildarríkjum eru ólík pakkaskipt gagnanet, sem getur réttlætt einstök frávik innanlands.

Til að tryggja órofinn aðgang að mörkuðum fyrir framleiðendur, sem nú þjóna einum eða fleiri innlendum mörkuðum, er nauðsynlegt að heimila bráðabirgðafyrirkomulag svo að unnt sé að beita innlendum kröfum í tiltekinn hámarkstíma.

Þetta tímabil skal miðast við að viðkomandi staðlastofnun hafi lokið við að semja tilskilda samhæfða staðla til framkvæmdar viðeigandi grunnkröfum.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Þessi ákvörðun gildir um endabúnað sem á að tengja við almennt fjarskiptanet og fellur undir gildissvið samhæfða staðalsins sem vísað er til í 1. mgr. 2. gr. þessarar ákvörðunar.

2. Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um sameiginlega tækniforskrift að því hvaða tæknilegir eiginleikar, kröfur varðandi rafræna og vélræna skilfleti og samskiptareglur um aðgang eiga að gilda fyrir endabúnað sem hægt er að tengja og samkvæmt upplýsingum framleiðanda eða fulltrúa hans er gert ráð fyrir að tengist pakkaskiptu almennu gagnaneti með sérhæfðum X.25-skilfleti samkvæmt tilmælum CCITT, þar sem jafnaðri raðtengingaraðferð (LAPB) er beitt.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 13, 18. 1. 1996, bls. 23, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/97 frá 12. nóvember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 128, 23. 5. 1991, bls. 1.

(2) Stjtið. EB nr. L 220, 31. 8. 1993, bls. 1.

(3) Stjtið. EB nr. L 290, 24. 11. 1993, bls. 1.

2. gr.

1. Sameiginlega tækniforskriftin tekur til samhæfða staðalsins sem er saminn af viðkomandi staðlastofnun til framkvæmdar grunnkröfunum sem um getur í c-, d- og f-lið 4. gr. tilskipunar 91/263/EBE. Tilvísun í þennan staðal er tilgreind í I. viðauka og viðeigandi hlutar staðalsins eru taldir upp í II. viðauka.

2. Endabúnaður sem fellur undir þessa ákvörðun skal vera í samræmi við sameiginlegu tækniforskriftina sem um getur í 1. mgr. og uppfylla grunnkröfurnar, sem um getur í a- og b-lið 4. gr. tilskipunar 91/263/EBE, auk þess að uppfylla kröfur annarra tilskipana sem gilda um búnaðinn, einkum tilskipana ráðsins 73/23/EBE ⁽¹⁾ og 89/336/EBE ⁽²⁾.

3. gr.

Tilkynntir aðilar, sem eru útnefndir til að sjá um framkvæmd þeirrar málsmeðferðar sem um getur í 9. gr. tilskipunar 91/263/EBE, skulu sjá til þess að samhæfði staðallinn, sem er

tilgreindur í I. viðauka, sé notaður fyrir endabúnaðinn, sem fjallað er um í 1. mgr. 1. gr. þessarar ákvörðunar, nema í þeim tilvikum þar sem réttlæt看legt er að víkja frá honum á innanlandsvettvangi í þann tíma sem um getur í 4. gr.

4. gr.

Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með því hvernig til tekst með beitingu þessarar ákvörðunar og hvernig viðkomandi viðurkenndri staðlastofnun gengur að tryggja að umræddur samhæfður staðall liggi fyrir sem fyrst. Framkvæmdastjórnin skal í þessu skyni samþykka nauðsynlegar breytingar á þessari ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/263/EBE og hún skal samþykka endanlega ráðstöfun innan tveggja ára hið mesta eftir að þessi ákvörðun hefur verið samþykkt.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. janúar 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 77, 26. 3. 1973, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 139, 23. 5. 1989, bls. 19.

I. VIÐAUKI

TILVÍSUN Í SAMHÆFÐA STAÐALINN SEM GILDIR AÐ HLUTA

Samhæfði staðallinn sem um getur í 2. gr. ákvörðunarinnar er:

NET 2

Viðurkenningarkröfur fyrir notendabúnað til gagnaflutnings sem tengja má pakkaskiptum almennum gagnanetum með X.25-skilfleti samkvæmt tilmælum CCITT

Önnur útgáfa 1994

9. og 10. þáttur frátaldir.

VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR

Unnt er að fá texta NET 2 í heild sinni með því að snúa sér til:

Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu
(European Telecommunications Standards Institute),
F-06921 Sophia Antipolis Cedex.

II. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR VIÐEIGANDI HLUTA SAMHÆFÐA STAÐALSINS

NET 2 (Önnur útgáfa 1994)	Gildir
1. þáttur	já
2. þáttur	já
3. þáttur	já
4. þáttur	já
5. þáttur	já
6. þáttur	já
7. þáttur	já
8. þáttur	já
9. þáttur	já
10. þáttur	já
Viðauki A	já
Viðauki B	já
Viðauki C	já

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/18/08

nr. 81/97
frá 12. nóvember 1997

um breytingu á IV. viðauka (Orka)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/97 frá 10. júlí 1997⁽¹⁾.

Ákvörðun ráðsins 97/8/EB frá 20. desember 1996 fellir úr gildi tilskipun 75/405/EBE um takmarkanir á notkun jarðolíuvara í orkuverum⁽²⁾.

Tilskipun ráðsins 75/405/EBE frá 14. apríl 1975 um takmarkanir á notkun jarðolíuvara í orkuverum⁽³⁾ skal því felld brott úr samningnum.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Texti 2. liðar (tilskipun ráðsins 75/405/EBE) falli niður.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 13. nóvember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 12. nóvember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

E. Bull

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 290, 23. 10. 1997, bls. 35 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 44, 23. 10. 1997, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 3, 7. 1. 1997, bls. 7.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 178, 9. 7. 1975, bls. 26.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**98/EES/18/09****nr. 82/97**
frá 12. nóvember 1997**um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi)**
við EES-samninginn**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/97 frá 10. febrúar 1997⁽¹⁾.

Aðlögunarliðirnir við reglugerð ráðsins (EBE) nr.1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja⁽²⁾, við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71⁽³⁾ og við tilteknar ákvarðanir framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega sem er að finna í A-hluta IV. kafla í I. viðauka við lögum um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun á sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á⁽⁴⁾ skulu felldir inn í samninginn.

Fyrir skýrleika sakir er nauðsynlegt að uppfæra allan VI. viðauka. Í því skyni ber að sameina í einn texta, ekki aðeins þá þætti sem taka breytingum frá þeim degi þegar þessi ákvörðun öðlast gildi, heldur einnig þætti sem þegar hefur verið breytt og óbreytta þætti.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

Gjört í Brussel 12. nóvember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

E. Bull

1. gr.

Í stað textans í VI. viðauka við samninginn komi textinn sem fylgir með þessari ákvörðun.

2. gr.

Fullgiltur texti aðlögunarliða við reglugerðir ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og nr. 574/72 og við ákvarðanir framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 117, 118, 135, 136 og 150 sem er að finna í A-hluta IV. kafla í I. viðauka við lögum um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun á sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á, á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 13. nóvember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 85, 27. 3. 1997, bls. 67 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 13, 27. 3. 1997, bls. 37.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 149, 5. 7. 1971, bls. 2.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 74, 27. 3. 1972, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjttíð. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 1.

VI. VIÐAUKI

FÉLAGSLEGT ÖRYGGI

INNGANGUR

Þegar gerðirnar sem vísað er til í þessum viðauka fela í sér hugmyndir eða vísa til málsmeðferðar sem er sérkennandi fyrir réttarreglur bandalagsins, svo sem varðandi

- inngangsorð;
- viðtakendur gerða bandalagsins;
- tilvísanir til yfirlýðingavæðinga eða tungumála EB;
- tilvísanir til réttinda og skyldna aðildarríkja EB, opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðrum; og
- tilvísanir til málsmeðferðar varðandi upplýsingar og tilkynningar;

gildir bókun 1 um altæka aðlögun, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka.

AÐLÖGUN Á TILTEKNUM SVIÐUM

- I. Að því er þennan viðauka varðar og þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 ber að líta svo á að hugtakið „aðildarríki“ feli í sér í gerðunum sem vísað er til, auk þeirrar merkingar sem það hefur í viðkomandi EB-gerðum, Ísland, Liechtenstein og Noreg.
- II. Þegar ákvæðum gerðanna sem vísað er til í þessum viðauka er beitt vegna samningsins skal sameiginlega EES-nefndin takast á hendur, í samræmi við ákvæði VII. hluta samningsins, réttindi þau og skyldur sem framkvæmdaráðinu um félagslegt öryggi farandlaunþega, er starfar í tengslum við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, hefur verið falið og eins réttindi og skyldur endurskoðunarnefndarinnar sem starfar í tengslum við umrætt framkvæmdaráð.

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

1. **371 R 1408:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja,

eins og hún var leiðrétt og endurskoðuð með:

- **383 R 2001:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2001/83 frá 2. júní 1983 (Stjttíð. EB nr. L 230, 22.8.1983, bls. 6)

og síðar breytt með:

- **385 R 1660:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1660/85 frá 13. júní 1985 (Stjttíð. EB nr. L 160, 20.6.1985, bls. P.A.);
- **385 R 1661:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1661/85 frá 13. júní 1985 (Stjttíð. EB nr. L 160, 20.6.1985, bls. 7);
- **1 85 I:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum - aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgal að Evrópubandalögunum (Stjttíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 170);
- **386 R 3811:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3811/86 frá 11. desember 1986 (Stjttíð. EB nr. L 335, 16.12.1986, bls. 5);

- **389 R 1305:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1305/89 frá 11. maí 1989 (Stjttíð. EB nr. L 131, 13.5.1989, bls. 1);
- **389 R 2332:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2332/89 frá 18. júlí 1989 (Stjttíð. EB nr. L 224, 2.8.1989, bls. 1);
- **389 R 3427:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3427/89 frá 30. október 1989 (Stjttíð. EB nr. L 331, 16.11.1989, bls. 1);
- **391 R 2195:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2195/91 frá 25. júní 1991 (Stjttíð. EB nr. L 206, 29.7.1991, bls. 2).
- **392 R 1247:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1247/92 frá 30. apríl 1992 (Stjttíð. EB nr. L 136, 19.5.1992, bls. 1).
- **392 R 1248:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1248/92 frá 30. apríl 1992 (Stjttíð. EB nr. L 136, 19.5.1992, bls. 7).
- **392 R 1249:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1249/92 frá 30. apríl 1992 (Stjttíð. EB nr. L 136, 19.5.1992, bls. 28).
- **393 R 1945:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1945/93 frá 30. júní 1993 (Stjttíð. EB nr. L 181, 23.7.1993, bls. 1).
- **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálum Evrópusambandsins - aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjttíð. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þeim var breytt með Stjttíð. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 1),
- **395 R 3095:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3095/95 frá 22. desember 1995 (Stjttíð. EB nr. L 335, 30.12.1995, bls. 1).
- **395 R 3096:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3096/95 frá 22. desember 1995 (Stjttíð. EB nr. L 335, 30.12.1995, bls. 10).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Þriðja undirgrein j-liðar 1. gr. gildir ekki.
- b) Ákvæði 49. gr. gilda frá 1. janúar 1994 að því er varðar ellilífeyri og eftirlífendalífeyri.
- c) Í stað orðanna „106. gr. sáttmálans“ í 88. gr. komi „41. gr. EES-samningsins“.
- d) Ákvæði 9. mgr. 94. gr. gilda ekki.
- e) Ákvæði 95. gr. b gilda ekki.
- f) Ákvæði 96. gr. gilda ekki.
- g) Ákvæði 100. gr. gilda ekki.
- h) Eftirfarandi bætist við I. hluta I. viðauka:

„P. ÍSLAND

Einstaklingur sem er launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi ákvæða er tengjast slysatryggingum í lögum um almannatryggingar telst launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi ii-liðar í a-lið 1. gr. reglugerðarinnar.

Q. LIECHTENSTEIN

Á ekki við.

R. NOREGUR

Einstaklingur sem er launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi almannatryggingalaga telst launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi ii-liðar í a-lið 1. gr. reglugerðarinnar.“.

i) Eftirfarandi bætist við II. hluta I. viðauka:

„P. ÍSLAND

Þegar réttur til aðstoðar er ákvarðaður samkvæmt ákvæðum 1. kafla III. bálks reglugerðarinnar merkir „aðstandandi“ maka eða barn sem er yngra en 25 ára.

Q. LIECHTENSTEIN

Þegar réttur til aðstoðar er ákvarðaður samkvæmt ákvæðum 1. kafla III. bálks reglugerðarinnar merkir „aðstandandi“ maka eða barn sem er á framfæri og yngra en 25 ára.

R. NOREGUR

Þegar réttur til aðstoðar er ákvarðaður samkvæmt ákvæðum 1. kafla III. bálks reglugerðarinnar merkir „aðstandandi“ maka eða barn sem er yngra en 25 ára.“.

j) Eftirfarandi bætist við I. hluta II. viðauka:

„P. ÍSLAND

Á ekki við.

Q. LIECHTENSTEIN

Á ekki við.

R. NOREGUR

Á ekki við.“.

k) Eftirfarandi bætist við II. hluta II. viðauka:

„P. ÍSLAND

Engar.

Q. LIECHTENSTEIN

Engar.

R. NOREGUR

a) Styrkir greiddir með eingreiðslu við barnsfæðingu samkvæmt almannatryggingalögnum.

- b) Styrkir greiddir með eingreiðslu við ættleiðingu samkvæmt almannatryggingalögunum.“.
- l) Eftirfarandi bætist við III. hluta II. viðauka:
- „P. ÍSLAND
- Engar.
- Q. LIECHTENSTEIN
- Engar.
- R. NOREGUR
- Engar.“.
- m) Eftirfarandi bætist við II. viðauka a:
- „P. ÍSLAND
- Engar.
- Q. LIECHTENSTEIN
- a) Greiðslur til ekkla (lög um greiðslur til ekkla frá 25. nóvember 1981).
- b) Greiðslur til blindra (lög um greiðslur til blindra frá 17. desember 1970).
- c) Greiðslur vegna meðgöngu og fæðingar (lög um greiðslur vegna meðgöngu og fæðingar frá 25. nóvember 1981).
- d) Viðbótarbætur vegna elli-, eftirlifenda- og örorkutryggingar (lög um viðbótarbætur vegna elli-, eftirlifenda- og örorkutryggingar frá 10. desember 1954 eins og þau voru endurskoðuð 12. nóvember 1992).
- e) Bjargarleysisgreiðslur (lög um viðbótarbætur vegna elli-, eftirlifenda- og örorkutryggingar frá 10. desember 1965 eins og þau voru endurskoðuð 12. nóvember 1992).
- R. NOREGUR
- a) Grunnbætur og umönnunarbætur í samræmi við grein 8-2 í almannatryggingalögunum nr. 12 frá 17. júní 1966 til að greiða viðbótarútgjöld eða sérstaka umönnun, hjúkrun eða heimilishjálp vegna fötlunar, þó ekki ef bótaþegi fær elli-, örorku- eða eftirlifendalífeyri frá almannatryggingunum.
- b) Tryggður lágmarksviðbótarlífeyrir til þeirra sem er fæddir með fötlun eða verða fatlaðir á unga aldri í samræmi við grein 7-3 og 8-4 í almannatryggingalögunum nr. 12 frá 17. júní 1966.
- c) Bætur vegna umönnunar barna og bætur til eftirlifandi maka vegna menntunar í samræmi við greinar 10-2 og 10-3 í almannatryggingalögunum nr. 12 frá 17. júní 1966.“.

n) Eftirfarandi bætist við A-hluta III. viðauka:

„106. ÍSLAND - BELGÍA

Enginn samningur.

107. ÍSLAND - DANMÖRK

Ákvæði 10. gr. samnings Norðurlanda um félagslegt öryggi frá 15. júní 1992.

108. ÍSLAND - ÞÝSKALAND

Enginn samningur.

109. ÍSLAND - SPÁNN

Enginn samningur.

110. ÍSLAND - FRAKKLAND

Enginn samningur.

111. ÍSLAND - GRIKKLAND

Enginn samningur.

112. ÍSLAND - ÍRLAND

Enginn samningur.

113. ÍSLAND - ÍTALÍA

Enginn samningur.

114. ÍSLAND - LÚXEMBOURG

Enginn samningur.

115. ÍSLAND - HOLLAND

Enginn samningur.

116. ÍSLAND - AUSTURRÍKI

Enginn samningur.

117. ÍSLAND - PORTÚGAL

Enginn samningur.

118. ÍSLAND - FINNLAND

Ákvæði 10. gr. samnings Norðurlanda um félagslegt öryggi frá 15. júní 1992.

119. ÍSLAND - SVÍÐJÓÐ

Ákvæði 10. gr. samnings Norðurlanda um félagslegt öryggi frá 15. júní 1992.

120. ÍSLAND - BRESKA KONUNGRÍKIÐ

Engin.

121. ÍSLAND - LIECHTENSTEIN

Enginn samningur.

122. ÍSLAND - NOREGUR

Ákvæði 10. gr. samnings Norðurlanda um félagslegt öryggi frá 15. júní 1992.

123. LIECHTENSTEIN - BELGÍA

Enginn samningur.

124. LIECHTENSTEIN - DANMÖRK

Enginn samningur.

125. LIECHTENSTEIN - ÞÝSKALAND

Ákvæði 2. mgr. 4. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 7. apríl 1977, eins og honum var breytt með viðbótarsamningi nr. 1 frá 11. ágúst 1989, varðandi greiðslu bóta í peningum til einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

126. LIECHTENSTEIN - SPÁNN

Enginn samningur.

127. LIECHTENSTEIN - FRAKKLAND

Enginn samningur.

128. LIECHTENSTEIN - GRIKKLAND

Enginn samningur.

129. LIECHTENSTEIN - ÍRLAND

Enginn samningur.

130. LIECHTENSTEIN - ÍTALÍA

Annar málslíður 5. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 11. nóvember 1976 varðandi greiðslu bóta í peningum til einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

131. LIECHTENSTEIN - LÚXEMBOURG

Enginn samningur.

132. LIECHTENSTEIN - HOLLAND

Enginn samningur.

133. LIECHTENSTEIN - AUSTURRÍKI

Ákvæði 4. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 26. september 1968, eins og honum var breytt með viðbótarsamningi nr. 1 frá 16. maí 1977 og nr. 2 frá 22. október 1987 varðandi greiðslu bóta í peningum til einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

134. LIECHTENSTEIN - PORTÚGAL

Enginn samningur.

135. LIECHTENSTEIN - FINNLAND

Enginn samningur.

136. LIECHTENSTEIN - SVÍÐJÓÐ

Enginn samningur.

137. LIECHTENSTEIN - BRESKA KONUNGRÍKIÐ

Enginn samningur.

138. LIECHTENSTEIN - NOREGUR

Enginn samningur.

139. NOREGUR - BELGÍA

Enginn samningur.

140. NOREGUR - DANMÖRK

Ákvæði 10. gr. samnings Norðurlanda um félagslegt öryggi frá 15. júní 1992.

141. NOREGUR - ÞÝSKALAND

Enginn samningur.

142. NOREGUR - SPÁNN

Enginn samningur.

143. NOREGUR - FRAKKLAND

Engin.

144. NOREGUR - GRIKKLAND

Ákvæði 5. mgr. 16. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 12. júní 1980.

145. NOREGUR - ÍRLAND

Enginn samningur.

146. NOREGUR - ÍTALÍA

Engin.

147. NOREGUR - LÚXEMBOURG

Engin.

148. NOREGUR - HOLLAND

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 13. apríl 1989.

149. NOREGUR - AUSTURRÍKI

- a) Ákvæði 2. mgr. 5. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 27. ágúst 1985.
- b) Ákvæði 4. gr. áðurgreinds samnings að því er varðar einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.
- c) II. liður í lokabókun áðurgreinds samnings að því er varðar einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

150. NOREGUR - PORTÚGAL

Ákvæði 6. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 5. júní 1980.

151. NOREGUR - FINNLAND

Ákvæði 10. gr. samnings Norðurlanda um félagslegt öryggi frá 15. júní 1992.

152. NOREGUR - SVÍÞJÓÐ

Ákvæði 10. gr. samnings Norðurlanda um félagslegt öryggi frá 15. júní 1992.

153. NOREGUR - BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

Engin.“.

- o) Eftirfarandi bætist við B-hluta III. viðauka:

„106. ÍSLAND - BELGÍA

Enginn samningur.

107. ÍSLAND - DANMÖRK

Engar.

108. ÍSLAND - ÞÝSKALAND

Enginn samningur.

109. ÍSLAND - SPÁNN

Enginn samningur.

110. ÍSLAND - FRAKKLAND

Enginn samningur.

111. ÍSLAND - GRIKKLAND
Enginn samningur.
112. ÍSLAND - ÍRLAND
Enginn samningur.
113. ÍSLAND - ÍTALÍA
Enginn samningur.
114. ÍSLAND - LÚXEMBOURG
Enginn samningur.
115. ÍSLAND - HOLLAND
Enginn samningur.
116. ÍSLAND - AUSTURRÍKI
Enginn samningur.
117. ÍSLAND - PORTÚGAL
Enginn samningur.
118. ÍSLAND - FINNLAND
Engin.
119. ÍSLAND - SVÍÐJÓÐ
Engin.
120. ÍSLAND - BRESKA KONUNGRÍKIÐ
Engin.
121. ÍSLAND - LIECHTENSTEIN
Enginn samningur.
122. ÍSLAND - NOREGUR
Engar.
123. LIECHTENSTEIN - BELGÍA
Enginn samningur.
124. LIECHTENSTEIN - DANMÖRK
Enginn samningur.

125. LIECHTENSTEIN - ÞÝSKALAND

Ákvæði 2. mgr. 4. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 7. apríl 1977, eins og honum var breytt með viðbótarsamningi nr. 1 frá 11 ágúst 1989, varðandi greiðslu bóta í peningum til einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

126. LIECHTENSTEIN - SPÁNN

Enginn samningur.

127. LIECHTENSTEIN - FRAKKLAND

Enginn samningur.

128. LIECHTENSTEIN - GRIKKLAND

Enginn samningur.

129. LIECHTENSTEIN - ÍRLAND

Enginn samningur.

130. LIECHTENSTEIN - ÍTALÍA

Annar málslíður 5. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 11. nóvember 1976 varðandi greiðslu bóta í peningum til einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

131. LIECHTENSTEIN - LÚXEMBOURG

Enginn samningur.

132. LIECHTENSTEIN - HOLLAND

Enginn samningur.

133. LIECHTENSTEIN - AUSTURRÍKI

Ákvæði 4. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 26. september 1968, eins og honum var breytt með viðbótarsamningi nr. 1 frá 16. maí 1977 og nr. 2 frá 22. október 1987 varðandi greiðslu bóta í peningum til einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

134. LIECHTENSTEIN - PORTÚGAL

Enginn samningur.

135. LIECHTENSTEIN - FINNLAND

Enginn samningur.

136. LIECHTENSTEIN - SVÍÐJÓÐ

Enginn samningur.

137. LIECHTENSTEIN - BRESKA KONUNGRÍKIÐ

Enginn samningur.

138. LIECHTENSTEIN - NOREGUR

Enginn samningur.

139. NOREGUR - BELGÍA

Enginn samningur.

140. NOREGUR - DANMÖRK

Engin.

141. NOREGUR - ÞÝSKALAND

Enginn samningur.

142. NOREGUR - SPÁNN

Enginn samningur.

143. NOREGUR - FRAKKLAND

Engin.

144. NOREGUR - GRIKKLAND

Engin.

145. NOREGUR - ÍRLAND

Enginn samningur.

146. NOREGUR - ÍTALÍA

Engin.

147. NOREGUR - LÚXEMBOURG

Enginn samningur.

148. NOREGUR - HOLLAND

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 13. apríl 1989.

149. NOREGUR - AUSTURRÍKI

- a) Ákvæði 2. mgr. 5. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 27. ágúst 1985.
- b) Ákvæði 4. gr. áðurgreinds samnings að því er varðar einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.
- c) II. liður í lokabókun áðurgreinds samnings að því er varðar einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

150. NOREGUR - PORTÚGAL

Engin.

151. NOREGUR - FINNLAND

Engin.

152. NOREGUR - SVÍPÞJÓÐ

Engin.

153. NOREGUR - BRESKA KONUNGSRÍKID

Engin.“.

p) Eftirfarandi bætist við þátt A í IV. viðauka:

„P. ÍSLAND

Engin.

Q. LIECHTENSTEIN

Engin.

R. NOREGUR

Engin.“.

q) Eftirfarandi bætist við þátt B í IV. viðauka:

„P. ÍSLAND

Engin.

Q. LIECHTENSTEIN

Engin.

R. NOREGUR

Engin.“.

r) Eftirfarandi bætist við þátt C í IV. viðauka:

„P. ÍSLAND

Allar umsóknir um grunnlífeyri og viðbótarlífeyri vegna elli.

Q. LIECHTENSTEIN

Allar umsóknir um almennan elli-, eftirlifenda- og örorkulífeyri svo og elli-, eftirlifenda- og örorkulífeyri úr lífeyrissjóði starfsgreinar að svo miklu leyti sem engin ákvæði um lækun er að finna í reglugerðum viðkomandi lífeyrissjóðs.

R. NOREGUR

Allar umsóknir um ellilífeyri, að frátöldum lífeyri sem getið er í þætti D í IV. viðauka.“.

- s) Eftirfarandi bætist við 2. lið þáttar D í IV. viðauka:
- „g) Norskur örorkulífeyrir, einnig þegar honum er breytt í ellilífeyri við ellilífeyrisaldur, og allur lífeyrir (eftirlifenda- og ellilífeyrir) sem byggist á lífeyristekjum hins látna.“

- t) Eftirfarandi bætist við VI. viðauka:

„P. ÍSLAND

Hafi launaðri vinnu eða sjálfstæðri atvinnustarfsemi verið lokið á Íslandi, og tilvikið verður þegar launuð vinna eða sjálfstæð atvinnustarfsemi er stunduð í öðru ríki sem reglugerðin tekur til og þar sem örorkulífeyrir, bæði samkvæmt almannatryggingakerfinu og viðbótarlífeyrissjóðir, á Íslandi felur ekki lengur í sér tímabilið frá því að tilvik kemur fram og fram að því að lífeyrisaldri er náð (tímabil sem ekki er liðið), skal tekið tillit til tryggingatímabila sem falla undir löggjöf annars ríkis sem reglugerðin tekur til að því er varðar kröfuna um tímabil sem ekki er liðið eins og um væri að ræða tryggingatímabil á Íslandi.

Q. LIECHTENSTEIN

1. Launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur sem heyrir ekki lengur undir löggjöf Liechtensteins um örorkutryggingar telst tryggður, að því er varðar 3. kafla III. bóls reglugerðarinnar, samkvæmt þessari tryggingu og fær greiddan almennan örorkulífeyri ef hann:
- a) daginn sem hin tryggða áhætta kemur fram samkvæmt ákvæðum löggjafar í Liechtenstein um örorkutryggingar annaðhvort:
- i) samkvæmt ráðstöfunum vegna endurhæfingar nýtur bóta sem veittar eru samkvæmt örorkutryggingum í Liechtenstein; eða
 - ii) er tryggður samkvæmt löggjöf um elli-, eftirlifenda- eða örorkutryggingar í öðru ríki sem reglugerðin tekur til; eða
 - iii) getur gert kröfu um lífeyri samkvæmt örorku- eða ellilífeyristryggingu annars ríkis sem reglugerðin tekur til, eða þiggur slíkan lífeyri; eða
 - iv) er óvinnufær samkvæmt löggjöf annars ríkis sem reglugerðin tekur til og getur gert kröfu um bætur frá sjúkra- eða slysatryggingum þess ríkis, eða þiggur slíkar bætur; eða
 - v) getur gert kröfu, vegna atvinnuleysis, til bóta í peningum frá atvinnuleysis-tryggingum annars ríkis sem reglugerðin tekur til, eða þiggur slíkar bætur;
- b) eða hefur starfað í Liechtenstein sem launþegi sem sækir vinnu yfir landamæri og greitt iðgjöld samkvæmt þeirri löggjöf í að minnsta kosti tólf mánuði á þriggja ára tímabili áður en áhættan kemur fram samkvæmt löggjöf í Liechtenstein; eða
- c) verður að láta af störfum sínum sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í Liechtenstein, vegna slysa eða veikinda, allan þann tíma sem hann dvelur í Liechtenstein; honum ber að greiða iðgjöld með sama hætti og sá sem ekki stundar ábatasama starfsemi.

2. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar verða óafturkræfar bætur („Freizügigkeitsleistung“), samkvæmt lögum um starfstengdar bætur frá 20. október 1987, greiddar í peningum að beiðni launþegans eða hins sjálfstætt starfandi einstaklings sem fellur ekki lengur undir löggjöf í Liechtenstein samkvæmt ákvæðum II. bóls reglugerðarinnar, ef þessi einstaklingur flytur til frambúðar frá efnahagssvæði Liechtenstein og Sviss fyrir 1. janúar 1998 og sækir um peningagreiðslu fyrir 1. janúar 1998.

R. NOREGUR

1. Bráðabirgðaákvæði í norskrri löggjöf um styttingu tryggingatímabils, sem krafist er fyrir óskertan viðbótarlífeyri einstaklinga sem eru fæddir fyrir 1937, gilda um einstaklinga sem heyra undir reglugerðina, að því tilskildu að þeir hafi verið búsettir í Noregi, eða stundað þar ábatasöm störf annaðhvort sem launþegar eða sjálfstætt starfandi, í tilskilinn árafjölda eftir að þeir hafa náð sextán ára aldri og fyrir 1. janúar 1967. Þessi krafa felur í sér að hvert ár skal talið sem eitt ár þegar fæðingarár einstaklingsins er fyrir 1937.
2. Einstaklingur sem er tryggður samkvæmt almannatryggingalögum og veitir tryggðum öldruðum, fötluðum eða sjúkum einstaklingum nauðsynlega aðhlyningu, í samræmi við fyrirfram ákveðin skilyrði, skal fá lífeyrisstig metin vegna slíkra tímabila. Á sama hátt skal einstaklingur sem annast ung börn hljóta lífeyrisstig, þegar hann dvelur í öðru ríki sem reglugerðin tekur til en Noregi, að því tilskildu að hlutaðeigandi einstaklingur sé í barnsburðarleyfi samkvæmt norskrri vinnulöggjöf.
3. Að svo miklu leyti sem norskur eftirlifenda- eða örorkulífeyrir greiðist samkvæmt reglugerðinni og er reiknaður í samræmi við 2. mgr. 46. gr. og með beitingu 45. gr., skulu ekki lengur gilda ákvæði 3. liðar í grein 8-1, 3. liðar í grein 10-1 og 3. liðar í grein 10-11 í almannatryggingalögunum sem lífeyrir kann að hafa verið veittur samkvæmt á grundvelli undanþágu frá þeirri almennu kröfu um að viðkomandi skuli hafa verið tryggður samkvæmt almannatryggingalögunum síðustu 12 mánuði fyrir tryggingaratburð.“.

u) Eftirfarandi bætist við VII. viðauka:

- „13. Þegar einstaklingur búsettur á Íslandi starfar sjálfstætt á Íslandi og gegnir launuðu starfi í öðru ríki sem reglugerðin tekur til.
14. Þegar einstaklingur starfar sjálfstætt í Liechtenstein og gegnir launuðu starfi í öðru ríki sem reglugerðin tekur til.
15. Þegar einstaklingur búsettur í Noregi starfar sjálfstætt í Noregi og gegnir launuðu starfi í öðru ríki sem reglugerðin tekur til.“

2. **372 R 0574:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja,

eins og hún var endurskoðuð og leiðrétt með:

- **383 R 2001:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2001/83 frá 2. júní 1983 (Stjtið. EB nr. L 230, 22.8.1983, bls. 6)

og síðar breytt með:

- **385 R 1660:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1660/85 frá 13. júní 1985 (Stjtið. EB nr. L 160, 20.6.1985, bls. 1);

- **385 R 1661:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1661/85 frá 13. júní 1985 (Stjttíð. EB nr. L 160, 20.6.1985, bls. 7);
- **185 I:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum - aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjttíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 188);
- **386 R 0513:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 513/86 frá 26. febrúar 1986 (Stjttíð. EB nr. L 51, 28.2.1986, bls. 44);
- **386 R 3811:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3811/86 frá 11. desember 1986 (Stjttíð. EB nr. L 355, 16.12.1986, bls. 5);
- **389 R 1305:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1305/89 frá 11. maí 1989 (Stjttíð. EB nr. L 131, 13.5.1989, bls. 1);
- **389 R 2332:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2332/89 frá 18. júlí 1989 (Stjttíð. EB nr. L 224, 2.8.1989, bls. 1);
- **389 R 3427:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3427/89 frá 30. október 1989 (Stjttíð. EB nr. L 331, 16.11.1989, bls. 1);
- **391 R 2195:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2195/91 frá 25. júní 1991 (Stjttíð. EB nr. L 206, 29.7.1991, bls. 2).
- **392 R 1248:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1248/92 frá 30. apríl 1992 (Stjttíð. EB nr. L 136, 19.5.1992, bls. 7).
- **392 R 1249:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1249/92 frá 30. apríl 1992 (Stjttíð. EB nr. L 136, 19.5.1992, bls. 28).
- **393 R 1945:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1945/93 frá 30. júní 1993 (Stjttíð. EB nr. L 181, 23.7.1993, bls. 1), eins og henni var breytt með:
 - ~~**395 R 3095:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3095/95 frá 22. desember 1995 (Stjttíð. EB nr. L 335, 30.12.1995, bls. 1).~~
- **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálum Evrópusambandsins - aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjttíð. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þeim var breytt með Stjttíð. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 1),
- **395 R 3095:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3095/95 frá 22. desember 1995 (Stjttíð. EB nr. L 335, 30.12.1995, bls. 1).
- **395 R 3096:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3096/95 frá 22. desember 1995 (Stjttíð. EB nr. L 335, 30.12.1995, bls. 10).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við 1. viðauka:

„P. ÍSLAND

1. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Reykjavík.

2. Félagsmálaráðherra, Reykjavík.

3. Fjármálaráðherra, Reykjavík.

Q. LIECHTENSTEIN

Die Regierung des Fürstentums Liechtenstein (Ríkisstjórn furstadæmisins Liechtensteins), Vaduz.

R. NOREGUR

1. Sosial- og helsedepartementet (Heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytið), Osló.

2. Kommunal- og arbeidsdepartementet (Sveitastjórna- og atvinnumálaráðuneytið), Osló.

3. Barne- og familiedepartementet (Barna- og fjölskyldumálaráðuneytið), Osló.

4. Justisdepartementet (Dómsmálaráðuneytið), Osló.

5. Utenriksdepartementet (Utanríkisráðuneytið), Osló.“.

b) Eftirfarandi bætist við 2. viðauka:

„P. ÍSLAND

1. Vegna allra tilvika nema atvinnuleysis- og fjölskyldubóta:

Tryggingastofnun ríkisins, Reykjavík.

2. Vegna atvinnuleysisbóta:

Atvinnuleysisstryggingasjóður, Vinnumálaskrifstofan, Reykjavík.

3. Vegna fjölskyldubóta:

a) Fjölskyldubætur að undanskildum barnabótum og barnabótaauka:

Tryggingastofnun ríkisins, Reykjavík.

b) Barnabætur og barnabótaauki:

Ríkisskattstjóri, Reykjavík.

Q. LIECHTENSTEIN

1. Bætur vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar:

- viðurkenndur sjúkratryggingasjóður sem hlutaðeigandi einstaklingur er tryggður hjá; eða

- Amt für Volkswirtschaft (Þjóðhagsstofnun).

2. Örorkubætur:
 - a) Örorkutryggingar:

Liechtensteinische Invalidenversicherung (Örorkutryggingar Liechtensteins).
 - b) Bótakerfi atvinnugreina:

Lífeyrissjóðurinn sem síðasti vinnuveitandi er félagi í.
3. Elli- og dánarlífeyrir:
 - a) Elli- og eftirlífendatrygging:

Liechtensteinische Alters- und Hinterlassenenversicherung (Elli- og eftirlífenda-trygging Liechtensteins).
 - b) Bótakerfi atvinnugreina:

Lífeyrissjóðurinn sem síðasti vinnuveitandi er félagi í.
4. Bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma:
 - slysatryggingasjóðurinn sem hlutaðeigandi einstaklingur er tryggður hjá; eða
 - Amt für Volkswirtschaft (Þjóðhagsstofnun).
5. Atvinnuleysisbætur:

Amt für Volkswirtschaft (Þjóðhagsstofnun).
6. Fjölskyldubætur:

Liechtensteinische Familienausgleichskasse (Fjölskyldubótasjóður Liechtensteins).

R. NOREGUR

1. Atvinnuleysisbætur:

Arbeidsdirektoratet, Oslo, fylkesarbeidskontorene og de lokale arbeidskontor på bostedet eller oppholdsstedet (Vinnumálaskrifstofan, Osló, héraðsvinnuáskrifstofur og staðbundnar vinnuáskrifstofur á búsetustað eða dvalarstað).
2. Allar aðrar bætur sem heyra undir norsku almannatryggingalögin:

Folketrygdkontoret for utenlandssaker (Almannatryggingaskrifstofan vegna utanlandsmálefna), Osló.
3. Fjölskyldugreiðslur:

Rikstrygdeverket (Tryggingastofnun ríkisins) Osló og Folketrygdkontoret for utenlandssaker (Almannatryggingaskrifstofan vegna utanlandsmálefna), Osló
4. Lífeyristryggingakerfi sjómanna:

Pensjonstrygden for sjømenn (Lífeyristryggingar sjómanna), Osló.

5. Lög frá 16. júní 1989 um atvinnuslysátryggingar (lov av 16. juni 1989 om yrkesskade-forsikring)

Sá váttryggjandi sem vinnuveitandinn er tryggður hjá. Ef hann er ekki tryggður: Yrkesskade-forsikringsforeningen (Atvinnuslysátryggingafélagið), Osló.

6. Ábyrgðarkerfi fyrir almannatryggingabætur samkvæmt 32. liði í Sjómannalögunum frá 30. maí 1975 (sjómannsloven av 30. mai 1975)

Sá váttryggjandi sem vinnuveitandinn er tryggður hjá.“

- c) Eftirfarandi bætist aftan við 3. viðauka:

„P. ÍSLAND

1. Bætur vegna veikinda, meðgöngu og fæðingar, örorku, elli, andláts, vinnuslysa og atvinnusjúkdóma:

Tryggingastofnun ríkisins, Reykjavík.

2. Atvinnuleysisbætur:

Atvinnuleysisstryggingasjóður, Vinnumálaskrifstofan, Reykjavík.

3. Fjölskyldubætur:

- a) Fjölskyldubætur að undanskildum barnabótum og barnabótaauka:

Tryggingastofnun ríkisins, Reykjavík.

- b) Barnabætur og barnabótaauki:

Ríkisskattstjóri, Reykjavík.

Q. LIECHTENSTEIN

1. Bætur vegna veikinda, meðgöngu og fæðingar, vinnuslysa og atvinnusjúkdóma og atvinnuleysis:

Amt für Volkswirtschaft (Þjóðhagsstofnun).

2. Elli- og dánarbætur:

- a) Elli- og eftirlifendatrygging:

Liechtensteinische Alters- und Hinterlassenenversicherung (Elli- og eftirlifenda-trygging Liechtensteins).

- b) Bótakerfi atvinnugreina:

Amt für Volkswirtschaft (Þjóðhagsstofnun).

3. Örorkubætur:

- a) Örorkutryggingar:

Liechtensteinische Invalidenversicherung (Örorkutryggingar Liechtensteins).

b) Bótakerfi atvinnugreina:

Amt für Volkswirtschaft (Þjóðhagsstofnun).

4. Fjölskyldubætur:

Liechtensteinische Familienausgleichskasse (Fjölskyldubótasjóður Liechtensteins).

R. NOREGUR

